

# Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

3. TBL. 22. ÁRG. 2016

**MILLIDÓMSTIGIÐ**  
BANDORMUR OG BREYTINGAR  
Á PÓLÍTIÐSKU LANDSLAGI

LÖGFRÆÐINGAR Í  
FYRIRTÆKJUM

18

FULLTRÚAR  
FULLIR STREITU

22

NÝ LÖG UM  
ÚTLENDINGA

36



- |  |  |  |
|--|--|--|
| <p>4 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br/>Leiðari</p> <p>6 REIMAR PÉTURSSON<br/>Þróun heimsmála</p> <p>10 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Dómstólar á tímamótum</p> <p>12 EVA HALLDÓRSDÓTTIR<br/>Bandormur og breytingar í<br/>pólítísku landslagi</p> <p>16 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Tekist á um hlutverk FKL</p> | <p>18 Viljum aukna umræðu um kosti<br/>þess að fyrirtæki ráði lögfræðinga<br/>VIÐTAL VIÐ ÁRNA SIGURJÓNSSON</p> <p>22 EYRÚN INGADÓTTIR<br/>Fulltrúar fullir streitu</p> <p>25 Af Merði lögmanni</p> <p>26 Leikmenn í öllu verða oft sér-<br/>fræðingar í engu<br/>VIÐTAL VIÐ GUÐMUND PÁL<br/>LÍNDAL</p> <p>28 Athugasemd við gamla mynd</p> | <p>29 ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR<br/>Málþing um gjafsókn í Finnlandi</p> <p>30 JENS PÉTUR JENSSON<br/>Lögbann á heimilisfang og<br/>afleiðingar þess</p> <p>32 Nýr staframaður á skrifstofu LMFÍ</p> <p>33 RAGNAR HALLDÓR HALL<br/>Lán í ólani – eða hvað?</p> <p>34 MARÍA RÚN BJARNADÓTTIR<br/>Heimilisofbeldi í Strassborg</p> <p>36 ARNDÍS A.K. GUNNARSDÓTTIR<br/>Ný lög um útlendinga</p> |
|--|--|--|

#### Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: lmfí@lmfí.is  
Heimasíða: www.lmfí.is

#### Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Þyri Steingrímisdóttir hrl.

#### Ritnefnd:

Eva Halldórsdóttir hdl.  
Guðríður Lára Þrastardóttir hdl.  
Haukur Örn Birgisson hrl.  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

#### Blaðamaður:

Eyrún Ingadóttir

#### Stjórn LMFÍ:

Reimar Pétursson hrl., formaður.  
Berglind Svavarsdóttir hrl., varaformaður.  
Arnar Þór Stefánsson hrl., ritari.  
Þórdís Bjarnadóttir hrl., gjaldkeri.  
Árni Þór Þorbjörnsson hdl., meðstjórni.

#### Starfsmenn LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri.  
Anna Lilja Hallgrímisdóttir lögfræðingur.  
Valgeir Þór Þorvaldsson lögfræðingur.  
Eyrún Ingadóttir félagsdeild.  
Hjördís J. Hjaltadóttir ritari.  
Dóra Berglind Torfadóttir bókari.

#### Forsíðumynd:

Ljósmyndari: Ingimar Ingason.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

#### NETFANG RITSTJÓRA:


thyri@lr.is

#### PRENTVINNSLA:

Litlaprent ehf.

#### UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.  
Sími 530 0800  
ISSN 1670-2689



“ The team is praised as being very resourceful in difficult situations and providing outstanding value for money. ”

**The Legal 500**

# Breytinga- stjórnun



ÞYRÍ STEINGRÍMSDÓTTIR HRL.  
RITSTJÓRI

Tímarnir breytast og Lögmannablaðið með. Blaðið kemur nú út í uppfærðu útliti og að einhverju leyti í uppfærðum efnistöku. Á undanförunum árum hefur blaðið þróast nokkuð en ávallt hefur áhersla verið lögð á að skoða og fjalla um málefni lögmanna sem efst eru á baugi hverju sinni, ásamt aðsendum greinum. Hið nýja útlit er enn í þróun og mun væntanlega taka frekari breytingum í næsta blaði.

Það virðast miklar breytingar í kortunum fyrir okkur lögmenn. Lögmannablaðið hefur fjallað um hið nýja millidómstig sem mun hafa í för með sér miklar breytingar á starfsumhverfi lögmanna. Í þessu tölublaði er fjallað ítarlega um tillögur stjórnar LMFÍ um breytingu á lögmannalögum vegna millidómstigsins og þau áhrif sem tillögurnar og fundurinn sem hann var kynntur á hefur haft að undanförunu. Í blaðinu er einnig viðtal við stofnanda starfsmannaleigu fyrir lögmenn sem mögulega er vísir að breytingum á hinu hefðbundna (og e.t.v. íhaldssama) fulltrúakerfi hjá lögmönnum og lögmannsstofum. Jafnframt er fjallað um það í blaðinu að fulltrúastarfið sé ekki framtíðarstarf þeirra sem því sinna en að mati þeirra fulltrúa sem svöruðu könnun blaðsins er um afar streituvaldandi starf að ræða með lélegum kjörum. Ein skýringin á því er offjölgun í stéttinni sem er gríðarleg breyting frá því sem áður var.

Hvort við lögmenn getum stjórnað þeim breytingum sem framundan eru verður að koma í ljós. Sumir streitast á móti meðan aðrir fagna.

Einn lögmaður umfram aðra hefur verið ötull við að koma gagnrýni sinni og athugasemdum á framfæri í Lögmannablaðinu. Það er Mörður lögmaður sem skrifar

nú sinn síðasta pistil í blaðið. Hann hefur ákveðið að snúa sér að glæpasagnaritun eftir nokkrar hremmingar vegna færslu á Facebook eins og hann lýsir sjálfur í pistli sínum. Pistill Marðar hefur borist skrifstofu LMFÍ í brúnu ómerktu umslagi að næturlagi svo lengi sem elstu lögmenn muna. Hann hefur barið sér á brjóst, flestum til ánægju en sumum ekki og eflaust munu einhverjir fagna þessari breytingu. Samkvæmisleikurinn hver er Mörður? hefur ávallt verið vinsæll á Lagadeginum sem og á öðrum samkomum lögmanna og á kaffistofunum. Verður því talsverð breyting á ásýnd og innihaldi Lögmannablaðsins fyrir vikið.

Og talandi um ásýnd og innihald þá getur sú sem þetta skrifar ekki lengur orða bundist yfir heimasíðu Lögmannafélagsins. Sú síða var forrituð einhvern tímann á síðustu öld og hefur litlum ef einhverjum breytingum tekið síðan þá. Raunar telst síðan á mörkum þess að vera á internetinu enda varla nothæf í spjalddölvunni eða í símanum, sem eru þau tæki sem helst eru notuð til að skoða síður sem þessar. Ég vil nota þetta tækifæri og skora á stjórn LMFÍ að ráðast í löngu tímabærar breytingar á síðunni. Það er í það minnsta breyting sem ég tel að allir myndu fagna.



## Hver hefur aðgang að þínum upplýsingum? >

Þann 14. apríl síðastliðinn samþykkti Evrópusambandið nýja reglugerð um varðveislu persónuupplýsinga, sem taka mun gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 28. maí 2018. Með tilkomu reglugerðarinnar mun(u) meðal annars:

- Eigna- og ráðstöfunarréttur á persónuupplýsingum verða skilgreindur með skýrari hætti.
- Fyrirtæki og stofnanir þurfa að leita upplýsts samþykkis einstaklings fyrir söfnun og vinnslu persónuupplýsinga.
- Varðveisla persónuupplýsinga eingöngu verða leyfð ef sýnt er fram á tilgang með varðveislunni og að sá tilgangur sé hinn sami og söfnunin byggð á.
- Brot á ákvæðum reglugerðarinnar geta leitt til sekta sem geta numið umtalsverðum upphæðum eftir eðli brots.
- Sömu reglur um persónuvernd gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og einstaklingar geta leitað réttar síns hjá eigin eftirlitsstofnun.



Örugg eyðing gagna

Bæjarflöt 4  
112 Reykjavík

Sími: 568 9095  
[www.gagnaeyding.is](http://www.gagnaeyding.is)

**GAGNAEYÐING**

Við vinnum eftir vottuðu gæðakerfi

# Þróun heimsmála

REIMAR PÉTURSSON HRL.  
FORMAÐUR



Við fall Sovétríkjanna urðu vatnaskil í þróun alþjóðamála. Fjöldi nýrra þjóðríkja var stofnaður og, a.m.k. í þeim vestlægari, gerðist þetta á grundvelli frelsis og lýðræðis.

Ísland tók virkan þátt í þessari þróun með viðurkenningu Eystrasaltsríkjanna fyrir aldarfjórðungi síðan. Frá þeim tíma hafa lýðræðisleg vinnubrögð rutt sér þar til rúms.

Fyrir átta árum fór fram árlegur fundur formanna norrænu lögmannafélaganna á Íslandi. Þá tóku Eystrasaltsþjóðirnar í fyrsta skipti þátt í þessum fundum og hafa þær gert það síðan. Í sumarlok var aftur komin röðin að Íslandi að halda fundinn og hittist vel á að liðinn væri, nánast upp á dag, aldarfjórðungur frá hinni upphaflegu viðurkenningu Íslands á sjálfstæði ríkjanna. Að þessu var sérstaklega vikið á fundinum og minnst með hlýju.

Þjóðir Eystrasaltsríkjanna öfluðu sér sjálfstæðis í stórrí lýðræðisbylgju sem flæddi yfir heiminn. Dæmalausir gæfu-tímar hafa fylgt í okkar heimshluta og lýðræði hefur skotið rötum í frjóum jarðvegi Mið- og Austur-Evrópu. Frelsi til orðs og æðis hefur aukist á öllum sviðum samfélagsins, velferð hefur aukist og alþjóðaviðskipti hafa sprungið út. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur verið í fararbroddi um vernd mannréttinda, bæði í hinum nýfrjálsu ríkjum sem og öðrum ríkjum álfunnar. Eins hafa kjósendur í mörgum ríkjum kallað eftir breytingum í fjálsræðisátt og löggjöf hefur lagað sig að slíku. Betur er búið að þeim sem minna mega sín.

Nú er svo komið að lög innanlands og alþjóðlegir sáttmálar vernda borgaraleg, stjórnámáleg og félagsleg réttindi fólks

óháð kynþætti, trúarskoðunum, kynhneigð, uppruna, o.s.frv. Við okkur, sem slitum barnsskónum á tímum Kalda stríðsins, blasir því önnur og jákvæðari heimsmynd en á fyrstu æviárunum. Til mikils er vinnandi að framhald verði á og almenn sátt ætti að vera í samfélaginu um þetta.

Því miður háttar hins vegar svo til að alla jafnan er lítill gaumur gefin að grundvallarforsendu þess að svo geti orðið. Þannig er tóm mál að tala um öll þessi réttindi ef ekki eru til staðar sjálfstæðir lögmenn sem geta, án afskipta ríkisvalds, lagt mál fyrir sjálfstæða og óvilhalla dómstóla til að knýja á um að efndir fylgi orðum.

Tillögur um að hola út trúnað lögmanna og afnema þagnarskyldu þeirra í þágu stundarhagsmuna grafa undan þessari forsendu. Mikilvægt er að stjórnámálamenn skilji þetta.

Nú sjást því miður á lofti blikur um að sú lýðræðis- og frelsisbylgja sem hófst fyrir aldarfjórðungi sé að fjara út. Margvíslegar fréttir benda til að alræðisöfl sækji í sig veðrið. Fréttir berast af fjöldahandtökum dómara, vítalausri innlimun stórra landsvæða í önnur ríki og stórkostlegum landflóttum vegna stríðsátaka, svo fátt eitt sé nefnt.

Sumir sækja huggun í að þetta gerist einkum í fjarlægum löndum sem við berum okkur lítt saman við. Slíkt getur þó reynst skammgóður vermir enda sýna dæmin að sókn



1975 | Bílabúð Benna | 2015



*Platinum Edition*

\***Ríkulegur búnaður:** 8 girja sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðahleðslustöð leðurinnrétting með Alcantara áklæði í miðju sæta, upplýstir silsalistar, rafdrifin GTS sportsæti, hiti í framsætum, Porsche merki greipt í höfuðpúða, sjálfvirk birtustilling spegla, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 20" RS Spider Platinum felgur, felgumiðjur með Porsche logo í lit, BOSE® 665 watta hljóðkerfi, skjár, PCM, leiðsögukerfi með Íslandskorti, Porsche Connect Plus, Privacy glass (litað gler), tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, samlitir brettakantar, ytra birði með háglans svörtum útlitspakka, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

## Nýr rafmagns Porsche - Platinum Edition!

Porsche hefur hlotið titilinn besta bílamerkið (Corporate Brand) í Evrópu í flokki sportbílaframleiðenda. Að baki því liggur sú frumkvöðlamenning sem er rótgróin hjá verkfræðingum Porsche. Á síðustu árum hefur þróun á Plug-In E-Hybrid vélum hjá Porsche vakið heimsathygli og lausnir þeirra skipað þeim í fremstu röð á þessu sviði. Nú hefur Cayenne S E-Hybrid, Platinum Edition, litið dagsins ljós í nýrri rafmagns útgáfu og ber hann orðstír Porsche fagurt vitni. Hann er bókstaflega hlaðinn búnaði og býðst á sérlega hagstæðu verði.

### Porsche Cayenne S E-Hybrid Platinum Edition

**Verð: 12.950 þús. kr.\***

Verið velkomin í reynsluakstur.

Porsche Cayenne S E-Hybrid  
416 hestöfl | 590Nm tog  
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.



**PORSCHE**

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Porsche á Íslandi | Bílabúð Benna  
Vagnhófa 23 | 110 Reykjavík | S: 590 2000  
porsche@porsche.is | www.benni.is

Opnunartími  
Virka daga frá 9:00 til 18:00  
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

LÖGMANNABLAÐIÐ TBL 03/16 7

alræðisafla getur verið ágeng eins og faraldur. Í slíkri sókn verða ómeðfærilegir lögmenn og sjálfstæðir dómara gjarnan skotsþóinn valdhafa sem vilja fara sínu fram án tillits til mannréttinda og laga.

Vel fór því á hvatningu Dómarafélags Íslands til utanríkisráðherra að beita sér gegn hreinsunum dómara í Tyrklandi. Lögmannafélagið tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi lögmannafélaga og á m.a. aðild að Evrópusamtökum lögmanna og alþjóðasamtökum þeirra.

Þessi samtök hafa lýst vanþóknun á aðgerðum tyrkneskra yfirvalda gagnvart dómurum þar í landi. Gefist tilefni til kann þó meira að þurfa til og félagið er viðbúið.

Sé horft nær, og nánar að gáð, sést að nær heimahögum á sér stað ískyggileg þróun. Vestræn samfélög hafa t.d. í auknum mæli lögfest margvíslegar neyðarráðstafanir sem er ætlað að sporna við hryðjuverkum.

Hryðjuverk eru svívirðileg og barátta gegn þeim er göfug. En tilgangurinn getur aldrei helgað meðalið. Tryggja verður lágmarksréttindi borgaranna þegar sett eru lagaákvæði sem heimila jafn frekleg inngríp í frelsi þeirra og raun ber vitni. Tryggja verður t.d. rétt þeirra sem sviptir eru frelsi til að verða leiddir fyrir dómara og fá réttláta úrlausn sinna mála innan hæfilegs tíma.

Sé þessa ekki gætt er hætt við að lög um neyðarráðstafanir verði á endanum tæki í höndum lýðskrumara. Í þessu sambandi er hollt að minnast að engin trygging er fyrir að þeir sem lýðræðið leiðir til valda hverju sinni kunni að fara með neyðartæki sem þessi. Því til staðfestu er nóg að lesa fréttir um stjórnmalabaráttu dagsins í dag. Þar birtast okkur oft uppvöðslusamir stjórnmalamenn sem kalla eftir gerræðislegum aðgerðum gegn þjóðfélagshópum sem eiga undir högg að sækja.

Vafasamt er að treysta slíkum æsingamönnum fyrir jafn vandmeðförnum tækjum og til staðar eru vegna baráttunnar gegn hryðjuverkum. Slík tæki er unnt að misnota til að ná fram öðrum markmiðum. Þetta birtist okkur

Íslendingum áþreifanlega þegar bresk yfirvöld beittu þarlendri hryðjuverkalöggjöf gegn íslenskum aðilum við bankahrunið. Annað dæmi, öllu alvarlegra, er svo hægt að taka frá fjórða áratug síðustu aldar í Þýskalandi.

Annað atriði sem virðist háskalegt þegar horft er til umheimsins er sá hraði sem tíðkast nú í löggjafarstarfinu. Frá því lagafrumvörp eru kynnt og þar til þau eru samþykkt líður oft knappur tími. Þannig er unnt að komast hjá lýðræðislegri umræðu sem alla jafnan orkar sem hraðahindrun á gerræði og misnotkun valds. Færa má rök fyrir að þetta hafi átt sér stað í nágrennalöndunum við setningu nýrrar löggjafar sem skar réttindi flóttamanna við nögl, eins og framast var talið að alþjóðlegir sáttmálar leyfðu.

Ódagot af þessum toga lýsir vanvirðingu gagnvart kröfu réttarríkisins um að vandað sé til löggjafar og réttaröryggi sé tryggt. Og ekki þarf að fara til útlanda í leit að dæmum sem þessum. Algengt er hér á landi, ekki síst við stefnumótun á sviði peningamála, að íþyngjandi löggjöf sé afgreidd í snarhasti og jafnvel í skjóli nætur. Að baki kunna að búa lofsverð markmið en því miður virðast gæðin í lagasmíðinni oft hafa verið í öfugu hlutfalli við ágæti hinna yfirlýstu markmiða. Sérstakur smánarblettur á þessari laga-setningu er virðingarleysið sem iðulega birtist í henni fyrir þagnarskyldu lögmanna.

Þótt vissulega hafi verið þörf fyrir skjótvirkar aðgerðir strax í kjölfar bankahruns, þegar efnahagsleg velferð þjóðarinnar hékk á bláþræði, virðast í dag engin sérstök neyðarsjónarmið réttlæta hamagang við setningu laga um efnahagsmál. Þar fyrir utan virðist ástæðulaust að afgreiða slík mál á þeirri forsendu að þau geti haft áhrif á gerðir markaðsaðila. Ótal mál geta haft slík áhrif og ef á slík rök yrði fallist yrði þess skammt að bíða að fjárlög verði afgreidd án umræðu í skjóli nætur.

Hér er því um að ræða slæman ávana sem væri æskilegt að leggja af. Leyfum hinni lýðræðislegu umræðu að njóta sín þar sem hagsmunaaðilar og aðrir sem þekkja til fá svigrúm til að tjá sig.

*Lína* slf.

Alhliða þýðingarþjónusta

enska – franska – spænska

Hjördís I. Kvaran

löggitur skjalapýðandi

[lina@centrum.is](mailto:lina@centrum.is)



# .IS

skráðu þitt **.is** lén  
**www.isnic.is**

ISNIC | Internet á Íslandi hf. | s. 578 2030 | [www.isnic.is](http://www.isnic.is)



Mörkin lögmannsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík

Gestur Jónsson hrl.  
Gunnar Jónsson hrl.  
Hörður Felix Harðarson hrl.  
Einar Þór Sverrisson hrl.  
Gísli Guðni Hall hrl.  
Geir Gestsson hrl.  
Almar Þór Möller hdl.  
Hilmar Gunnarsson hdl.  
Ragnar Halldór Hall hrl.

Fulltrúar:

Anna Þórdís Rafnsdóttir hdl.  
Árni Gestsson hdl.  
Hildur Leifsdóttir hdl.  
Linda Ramdani lögfr.  
Védís Eva Guðmundsdóttir lögfr.

Sími 414 4100 · Fax 414 4101

[www.law.is](http://www.law.is)

## Ásar – þýðingar og túlkun slf

Eftirfarandi þýðendur og túlkar starfa innan vébanda

*Ása – þýðinga og túlkunar slf:*

Ellen Ingvadóttir, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Bjarni Gunnarsson, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Niels Rask Vendelbjerg, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Jóhann Guðnason, löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

Matthías M. Kristiansen, þýðandi

Daniel D. Teague, skjalapýðandi

Gísli S. Ásgeirsson, þýðandi

Almennar og löggiltar þýðingar, dóm- og ráðstefnutúlkun, textaráðgjöf.

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa (RK-14.10).

*Ásar – þýðingar og túlkun slf » Skipholti 50b » sími: 562-6588 » netf: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)*

# Dómstólar á tímamótum

Í lok maí síðastliðinn samþykkti Alþingi lög um stofnun millidómstigs en þetta eru viðamestu breytingar á íslensku dómkerfi í áraraðir.

Í tilefni þessa héldu Lögmannafélag Íslands og Dómarafélag Íslands fund um dómstóla á tímamótum. Ólöf Nordal innanríkisráðherra flutti ávarp en framsögumenn voru formenn félaganna tveggja, þeir Reimar Pétursson hrl. og Skúli Magnússon héraðsdómari. Ólöf Finnsdóttir framkvæmdastjóri dómstólaráðs stjórnaði fundi.

Hið nýja dómstig hefur fengið nafnið Landsréttur og mun taka til starfa 1. janúar 2018.

## Ósk um áframhaldandi samvinnu

Ólöf Nordal innanríkisráðherra sagði í ávarpi sínu að upptaka millidómstigs væri margþætt verkefni sem kallaði á samráð og samvinnu allra þeirra sem störfuðu í dómkerfinu. Breyta þyrfti fjölmörgum lögum, ganga frá húsnæðismálum Landsréttar og hinnar nýju dómstólasýslu, undirbúa öll dómstigin tæknilega og skipa 15 dómara.

Ólöf vonaðist til að skipaður yrði sambærilegur samráðshópur og hefði starfað að stofnun millidómstigsins síðastliðinn vetur: „Mörg þeirra atriða sem fyrir liggur að þurfi að vinna þarf nauðsynlega að ræða við ykkur. Ég biðla því til ykkar um áframhaldandi samvinnu og vil aftur óska okkur öllum til hamingju með þennan áfanga,“ sagði hún.

## Rafrænt réttarfar á byrjunarreit

Skúli Magnússon sagði að samþykkt Alþingis um millidómstig væri upphaf nýrrar vegferðar sem hefði það markmið að koma á nýju dómkerfi þar sem meðferð dómsmála yrði vandaðri og traust til dómstóla myndi vaxa.

Auk húsnæðismála væru tæknimál aðkallandi þar sem gert væri ráð fyrir því að hljóð- og myndupptökur yrðu á tveimur

dómstigum. Huga þyrfti að málaskrá og rafrænum gáttum, bæði gagnvart almenningi og lögmonnum. Rafrænt réttarfar væri nánast á byrjunarreit hjá héraðsdómstólunum og vonandi yrðu úrbætur á því fyrir allt dómkerfið. „Ég nefni sem dæmi aukinn aðgang lögmannna að þingbók og möguleika á því að koma skjölum til dómsins á rafrænu formi,“ sagði Skúli.

## Prófmál fyrir Landsrétti

Málum fyrir Hæstarétti mun fækka stórlega með tilkomu Landsréttar og því verður óraunhæft að gera kröfur um prófmál til að öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti heldur væri æskilegt að þau yrðu haldin fyrir Landsrétti, að mati Reimars Péturssonar en Lögmannafélagið mun senda tillögur til ráðuneytisins um fyrirkomulag öflunar málflutningsréttinda í nýju kerfi.

Reimar sagði að með ríkari hæfniskröfum til dómara, eftir því sem ofar drægi í dómkerfinu, fælust mikilvæg og táknræn skilaboð til borgaranna. Það þýddi að mál fengju sífellt vandaðri meðferð. Eðlilegt væri að gera ríkari hæfniskröfur til lögmannna með sama hætti: „Hæfniskröfur lögmannna hljóta óhjákvæmilega að birtast sem kröfur um





reynslu af ástundun málflytninga. Góðir siðir í málflytningi lærast aðeins við ástundun. Málflytjandi getur vissulega leitað í smíðju sér eldri og reyndari manna og tileinkað sér vísdom úr bókum um málflytning. En aðeins við ástundun þroskast hæfileikinn til að setja mál fram af heiðarleika, sanngirni og hæfilegri eindrægni. Þannig virðist óhjákvæmilegt að ríkari kröfur séu gerðar til lögmanna um reynslu eftir því sem ofar dregur í dómkerfinu," sagði Reimar. Prófmál kölluðu fram hið besta í lögmönnum, fælu í sér hvatningu til þeirra að bæta málflytning sinn og mörkuðu hátíðleg kaflaskil á ferlinum.

#### **Farsæl eða fjölbreytt starfsreynsla?**

Framundan er skipun 15 landsréttardómara og er fyrirsjáanlegt að hluti þeirra komi úr röðum starfandi héraðsdómara. Reimar sagði að dómarahópurinn mætti ekki vera einsleitur og mikilvægt væri að skipun þeirra færi fram með nýjum hætti: „Núgildandi reglur verðlauna fjölbreytilega starfsreynslu en ekki farsæla. Farsælir lögmenn

eða farsælir dómara, sem hafa helgað sig fagi sínu án þess að sinna öðrum störfum svo heitið getur, standa höllum fæti gagnvart þeim sem víða hafa komið við," sagði hann. Í hópi dómara yrðu að vera konur til jafns við karla, fyrrum farsælir lögmenn til jafns á við fyrrum farsæla héraðsdómara. Þá sagði Reimar að stofnun Landsréttar gerði tæknivæðingu dómkerfisins enn brýnni og að horfa þyrfti til þarfa lögmanna við hönnun húsnæðis Landsréttar.

#### **Verkefni framundan**

Ólöf Finnsdóttir dró í lokin saman helstu atriði fundarins og sagði að verkefni framundan væru ærin. Gott væri að heyra viðhorf ráðherra til fjármögnunar sem hefði verið helsta áhyggjuefni við stofnun millidómstigs. „Mannafloppurinn, skipan dómara, húsnæðismálin, innviðirnir, málaskrár, heimasíða og fleiri verkefni bíða og það er mjög mikilvægt að vel takist til," sagði hún.

**Eyrún Ingadóttir.**



*Reimar Pétursson, Skúli Magnússon og Ólöf Nordal.*

# BANDORMUR OG BREYTINGAR Í PÓLÍTÍSKU LANDSLAGI

## TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á LÖGMANNALÖGUM RÆDDAR Á FÉLAGSFUNDI LMFÍ

Hinn 18. ágúst sl. var haldinn félagsfundur hjá LMFÍ til að bera fram tillögur stjórnar félagsins um breytingar á lögmannalögum nr. 77/1998, en vinnuhópur á vegum félagsins hefur undanfarin misseri unnið að heildarendurskoðun lögmannalaga vegna stofnunar Landsréttar. Vegna breytinga í hinu pólitíska landslagi, þar sem boðað var til kosninga nú í haust, var hins vegar talið óraunhæft að leiða til lykta umræðu um heildarendurskoðun í bráð. Þess í stað var tekin sú ákvörðun að gera afmarkaðar tillögur til innanríkisráðuneytisins um nauðsynlegustu breytingar vegna stofnunar Landsréttar sem unnt væri að taka upp í svokölluðum bandormi, frumvarpi til breytinga ýmissa laga vegna stofnunarinnar. Tillögurnar á félagsfundinum snéru því eingöngu að nauðsynlegum lagabreytingum vegna Landsréttar en stjórn LMFÍ hafði þegar samþykkt þær fyrir sitt leyti.

### Breytingartillögur stjórnar LMFÍ

Tillögurnar fela í sér að til öflunar réttinda til málflutnings fyrir Landsrétti þurfi lögmenn að hafa flutt 25 mál í héraði á fimm ára tímabili og að auki fjögur prófmál fyrir Landsrétti. Eftir flutning 15 mála fyrir hinum nýja Landsrétti og þriggja ára reynslu af störfum við dómstólinn geti lögmenn svo fengið réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti án töku prófmála.

Einnig er í tillögunum að finna sérstök bráðabirgðaákvæði varðandi stöðu þeirra sem þegar hafa hafið töku

prófmála fyrir Hæstarétti. Í þeim felst að þeir sem hafa þegar staðist þrjú prófmál í Hæstarétti í ársbyrjun 2018 fá sjálfkrafa réttindi til flutnings mála fyrir Landsrétti, þeir sem staðist hafa tvö prófmál á þeim tíma fá réttindi til málflutnings í Landsrétti með flutningi eins prófmáls þar, og þeir sem hafi staðist eitt prófmál í Hæstarétti fá réttindi til flutnings mála fyrir Landsrétti með flutningi tveggja prófmála. Þessu til viðbótar eru umræddir lögmenn undanskildir skilyrðum laganna um að hafa notið réttinda í Landsrétti í þrjú ár og öðlast rétt til að

flytja mál í Hæstarétti eftir að hafa flutt 5, 10 eða 15 mál í Landsrétti, eftir því hversu mörg prófmál þeir hafi klárað fyrir Hæstarétti þegar Landsréttur tekur til starfa.

Þá er gert ráð fyrir að titlarnir „hæstaréttarlögmaður“ og „héraðsdómslögmaður“ verði teknir út úr lögmannalögunum en þess í stað verði allir „lögmenn“ og munurinn milli þeirra mun þá felast í réttindum til málflutnings fyrir mismunandi dómstólum.

### Öll mál fyrir Landsrétti prófmál

Reimar Pétursson hrl., formaður LMFÍ, kynnti tillögurnar fyrir fundarmönnum. Sagði hann þær endurspegla málamiðlun milli ýmissa viðhorfa sem viðruð hefðu verið á vettvangi stjórnar og vinnuhópsins en að ráðandi sjónarmið hefði verið að tryggja hagsmunir réttarkerfisins til lengri tíma.

Reimar kvaðst telja að í tillögum stjórnar LMFÍ fælust ákveðnar tilslakanir. Þannig gætu öll mál fyrir Landsrétti orðið prófmál. Þá þyrfti framvegis eingöngu að flytja 25 mál í héraði í stað 30 áður. Reimar kvað tilslakanirnar mega rekja til þess að ekki væru allir dómar Landsréttar endanlegir og einnig mætti rökstyðja þær með því að þörf væri fyrir aukinn fjölda málflytjenda í Landsrétti vegna mikilla umsvifa dómstólsins.

Um væri að ræða framfaraskref fyrir þá sem hygðust afla sér réttinda til málflytninga fyrir Hæstarétti. Sú vegferð hefði reynst mörgum lögmanninum hindrun, ekki síst í seinni tíð þar sem fjöldi mála sem tæk væru sem prófmál væri takmarkaður og það reyndist oft erfiðleikum bundið að fá slík mál að láni frá öðrum lögmanni.

### Lagabreyting kallar á kerfisbreytingu

Þegar Landsréttur tekur til starfa hinn 1. janúar 2018 er ætlunin að hann fái strax til umfjöllunar öll þau mál sem þá eru fyrir Hæstarétti. Landsréttur verður hinn eiginlegi áfrýjunardómstóll og málum ekki áfrýjað til Hæstaréttar nema að útgefni áfrýjunarleyfi. Reimar benti á að yrðu engar breytingar gerðar á lögmannalögunum fyrir þetta tímamark myndu eingöngu hæstaréttarlögmenn geta flutt mál fyrir Landsrétti. Slíkt gæti haft í för með sér skort á

lögmonnum til flutnings mála fyrir Landsrétti og skapað hættu á ákveðnu vandræðaástandi. Tillögum LMFÍ til breytinga á lögmannalögunum væri ætlað að sporna gegn þessu en taka jafnframt tillit til krafna í gildandi lögum um aukin gæði málflytninga og aukna reynslu málflytjenda við áfrýjun dómsmála.

Formaður félagsins kvað stjórn þess telja góðar vonir til þess að fá tillögur á borð við þær sem lögju fyrir fundinum inn í áðurnefndan bandorm en frestur til að skila þeim til ráðuneytisins rynni út næsta dag. Stjórnin teldi að ef tekin yrði ákvörðun um að fresta tillögugerð gæti óvissa myndast um framhaldið þar sem málið myndi þá fyrirsjáanlega ekki komast á dagskrá í tæka tíð.

Reimar brýndi fyrir félagsmönnum að hafa það í huga að málið yrði að skoðast út frá hagsmunum réttarkerfisins og að gæta yrði að því að hagsmunir einstakra lögmannna eða einstakra hópa lögmannna réðu ekki för.

### Umræður á fundinum

Talsverðar umræður urðu um tillögurnar á fundinum og sýndist sitt hverjum. Meðal annars lýsti **Kristján Gunnar Valdimarsson** þeirri skoðun sinni að ekki ætti endilega að útfæra breytingarnar út frá reglunum eins og þær hefðu alltaf verið. Benti hann í því sambandi á nýlegar breytingar sem gerðar hafa verið á áratuga framkvæmd varðandi handhöfn forseta-valds hér á landi. Ennfremur taldi Kristján Gunnar ómálefnaleg stéttarsjónarmið vera að baki tillögnum þar sem þær stöfuðu frá núverandi hæstaréttarlögmönnum sem virtust vilja halda réttindum til flutnings mála fyrir æðri dómstól fyrir sig.



*Björn Lindal.*



*Gunnar Jónsson.*



*Kristín Edwald.*



*Kristján Gunnar Valdimarsson.*



*Kristrún Elsa Harðardóttir.*

**Kristín Edwald**, sem var formaður nefndar sem undirbjó frumvarpið um millidómstig, rifjaði upp að vegna þess starfa hefði hún rætt við margt fólk úr réttarkerfinu. Hún lýsti yfir mikilli ánægju með tillögurnar, sem hún taldi vel útfærðar.

**Kristrún Elsa Harðardóttir**, formaður Félags kvenna í lögmennsku, sagði stjórn FKL gera ýmsar athugasemdir við tillögurnar. Það væri of flókið og ógagnsætt að hafa þrenns konar mismunandi réttindi til málflutnings fyrir dómi auk þess sem tillögur LMFÍ væru í engu samræmi við það hvernig réttindaöflun til málflutnings væri háttað á Norðurlöndunum. Kristrún Elsa setti fram tillögur FKL um breytingar á lögnum sem annars vegar fela í sér skilyrði um starfsreynslu áður en þreytt er próf til héraðsdómslögmansréttinda og hins vegar að til öflunar réttinda fyrir Hæstarétti þurfi 3-5 ára starfsreynslu á lægri stigum, auk flutnings tveggja prófmála fyrir Hæstarétti.

Þá sagði Kristrún Elsa að fyrirhugaðar breytingar á lögmannaöflunum væru þess eðlis að það þyrfti að flýta sér hægt enda væri um að ræða mikilvægt mál fyrir réttarkerfið og samfélagið. Undir þetta tók **Björn Líndal**, sem sagðist þeirrar skoðunar að mikilvægt væri að stíga varlega til jarðar þegar ákvarðanir um atvinnuréttindi manna væru undir

og að hættulegt væri að taka slíkar ákvarðanir á fundi sem haldinn væri eingöngu viku eftir að tillögurnar hefðu borist félagsmönnum.

**Borgar Þór Einarsson** taldi tillögurnar heilt yfir skynsamlegar en gerði þó athugasemd við þann hluta sem sneri að því að afnema aðgreiningu á heitum lögmanna. **Jóhannes Karl Sveinsson**, sem á sæti í vinnuhópnum sem vinnur að heildarendurskoðun laganna, lýsti hins vegar þeirri skoðun sinni að aðgreining á heitum lögmanna væri gamaldags og að lögmenn væru ekkert ómerkilegri þó þeir væru ekki að vinna við dómstóla alla daga. Þá kvað hann að vinnuhópurinn hefði talið prófafyrirkomulagið fyrir Hæstarétti úrelt og loks að tillögurnar hefðu verið unnar með það að markmiði að reyna að tryggja að almenningur hefði einhvern hag af þeim einkarétti sem lögmenn hefðu til flutnings mála fyrir dómstólum.

**Helga Vala Helgadóttir** kvaðst vera sammála því að prófafyrirkomulagið í Hæstarétti væri úr sér gengið. Hún gerði hins vegar þá athugasemd að yrðu tillögurnar að veruleika fengi fyrsti nýi hæstaréttarlögmaðurinn ekki réttindi fyrr en árið 2021, en þessi sama gagnrýni kom einnig fram hjá Kristrúnu Elsu. Þá tók Helga Vala undir þá skoðun stjórnar FKL að einkennilegt væri að héraðs

væri öflun réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti með öðrum hætti en gerðist á öðrum Norðurlöndunum.

**Gunnar Jónsson**, sem einnig á sæti í títtnefndum vinnuhópi, kvað ljóst að ekki væri raunhæft að heildarendurskoðun kæmist til umræðu á yfirstandandi þingi, þrátt fyrir vilja LMFÍ. Því stæðu lögmenn frammi fyrir vali á milli þess að bregðast við nú með algjörlega nauðsynlegum breytingum, líkt og lagðar voru fram á fundinum, eða láta málið framhjá sér fara. Vinna við endurskoðun lögmannaöflanna héldi áfram, en það væri hins vegar ekki verkefni fundarins.

#### Atkvæðagreiðsla

Eftir fjórlegar umræður, þar sem lögmenn skiptust á skoðunum um kosti og galla tillögu stjórnar félagsins um breytingar á lögmannaöflum, fór fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu. Varð niðurstaðan sú að tillaga stjórnar LMFÍ var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta þeirra 60 félagsmanna sem sátu hann.

**Eva Halldórsdóttir.**




FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litla  prent





# Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



## Rúm, springdýnur, sængurver, púðar & rúmteppi, gjafavara! ...við erum með þetta allt og meira til!

Í áraldaðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir þínum óskum. Lengd, breidd og mismunandi hæð á rúmunum eykur þægindin. Við bjóðum mismunandi stífleika á dýnum, allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.

**ÍSLENSK HÖNNUN – ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**



# Tekist á um hlutverk FKL

Óhætt er að segja að frumvarp til laga um millidómstig hafi verið í deiglunni meðal lögmannna að undanfögnu. Að loknum félagsfundi LMFÍ þann 18. ágúst sl., þar sem tillögur til frumvarps um breytingar á lögum um lögmennt nr. 77/1998 voru samþykktar, sendi Krístrún Elsa Harðardóttir, formaður Félagskvemma í lögmenntsku, innanríkisráðherra bréf þar sem áhyggjum félagsins af tillögunum var lýst og óskað eftir tækifæri til þess að koma sjónarmiðum FKL á framfæri áður en frumvarp þessa efnis yrði lagt fyrir Alþingi.

## **Ekki allir sátir**

Þessi íhlutun formanns FKL vegna tillagna LMFÍ olli deilum innan stjórnar FKL. Varð hún til þess að tveir stjórnarmenn af fimm sögðu sig úr stjórninni auk tveggja varamanna. Í yfirlýsingu stjórnarkvemma fráfarandi kom fram að ekki hefði verið fylgt starfsreglum stjórnar við stefnumótun í mikilvægum málefnum í nafni FKL. Þá sendu yfir þrjátíu konur í lögmenntsku, þ. á m. félagsmenn bæði í FKL og LMFÍ, innanríkisráðherra bréf 26. ágúst sl. þar sem þær lýstu yfir stuðningi við tillögur LMFÍ og skoruðu á ráðherra að leggja fram frumvarp á yfirstandandi þingi sem endurspegluðu þær.

Boðað var til félagsfundar í FKL 5. september sl. til að ræða um afstöðu félagsins til tillagna innanríkisráðu-

neytisins um frumvarp til laga um breytinga á lögum um lögmennt nr. 77/1998 en frumvarpið byggir á nefndum tillögum LMFÍ. Formaður FKL gerði í upphafi grein fyrir tildrögum fundarins og sagði að ákvörðun um að gagnrýna tillögur LMFÍ í nafni FKL hefði verið tekin á löglega boðuðum stjórnarfundi af meirihluta stjórnar og að ákvörðunin væri í samræmi við tilgang félagsins. Einnig rifjaði hún upp að rætt hafi verið á síðasta aðalfundi FKL að félagið léti meira til sín taka á opinberum vettvangi. Félagsmenn hefðu m.a. lýst yfir ánægju með þá afstöðu sem stjórn FKL hafði tekið í máli er varðaði skipan í valnefnd sem metur hæfi umsækjenda um dómaraembætti þar sem afstaða LMFÍ um að jafnréttislögin giltu ekki við þá skipun var gagnrýnd. Að því loknu fóru fram málefnalegar umræður þar

sem tillögur LMFÍ voru ræddar og þá hvort og hvaða afstöðu FKL ætti að taka formlega til málsins. Hluti félagsmanna lýsti yfir ánægju með það að FKL hefði látið til sín taka í málinu á meðan aðrir voru á því að FKL þyrfti ekki að láta málið sig varða sérstaklega. Að lokum var samþykkt af meirihluta fundarmanna að FKL myndi ekki taka formlega afstöðu til tillagna innanríkisráðuneytisins um frumvarp um breytingar á lögum og því ekki skila inn umsögn til ráðuneytisins.

## **Hlutverk FKL**

Umræður um hlutverk FKL og markmið voru í brennidepli á félagsfundinum 5. september. Fram kom það sjónarmið fundarmanna að tilgangur félagsins væri að efla samstarf kvemma, stuðla að fjölgun þeirra í stéttinni og





*Vinstri: Ný stjórn FKL. Sigríður Vilhjálmssdóttir, Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Ragnhildur Rorí Ólafsdóttir, Anna Linda Bjarnadóttir, Krístrún Elsa Harðardóttir og Kolbrún Garðarsdóttir. Á myndina vantar Ingibjörgu Ingvadóttur.*

*Hægrí: Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Ragnhildur Rorí Ólafsdóttir og Krístrún Elsa Harðardóttir.*

*Bergþóra Ingólfssdóttir og Marta Margrét Rúnarsdóttir.*

styrkja þær. Staðreyndin væri sú að FKL hefði haft raunveruleg áhrif á stöðu kvenna í lögmennsku og skipti miklu máli, ekki hvað síst til þess að efla tengslanet kvenna. Jafnframt væri nauðsynlegt að beita rödd félagsins þegar standa þyrfti vörð um sérstök hagsmunamál kvenna innan stéttarinnar. Í því samhengi taldi hluti fundarkvenna að framkomnar tillögur LMFI hefðu ekki sérstök áhrif á konur í lögmennsku umfram karla á meðan aðrar bentu á það mikill meirihluti hæstaréttarlögmannna væru karlar og nýju tillögurnar gætu gert það

að verkum að enn lengra yrði þar til jafnrétti yrði náð í stéttinni. Þá kom fram það sjónarmið að rödd kvenna heyrðist síður innan LMFI og því væri nauðsynlegt að FKL beitti sér í málum sem þessum. Fram komu sjónarmið um að það væri fagnaðarefni að stjórnvöld væru nú farin að senda félaginu frumvarp til laga til umsagnar til að leita álits kvenna í lögmennastétt.

Um miðjan september var boðað til annars félagsfundar hjá FKL þar sem nýjar konur voru kosnar í stjórn í stað þeirra sem sögðu sig úr henni.

Ný stjórn var kjörin á fundinum og nú skipa stjórnina þær Krístrún Elsa Harðardóttir hdl., formaður, Anna Linda Bjarnadóttir hdl., varaformaður og ritari, Kolbrún Garðarsdóttir hdl., gjaldkeri, Þorbjörg Inga Jónsdóttir hrl., meðstjórnandi og Ingibjörg Ingvadóttir hdl., meðstjórnandi. Í varastjórn eru Sigríður Vilhjálmssdóttir hdl. og Ragnhildur Rorí Ólafsdóttir hdl.

**Eyrún Ingadóttir.**

# VILJUM AUKNA UMRÆÐU



## UM KOSTI ÞESS AÐ FYRIRTÆKI RÁÐI LÖGFRÆÐINGA

Á vormánuðum var stofnað nýtt félag í samfélagi lögfræðinga; FLF – félag lögfræðinga í fyrirtækjum. FLF var stofnað sem undirdeild í Lögfræðingafélagi Íslands sem mun sjá um ýmsar praktískar hliðar starfseminnar.

Á sjöunda tug lögfræðinga hafa þegar skráð sig í félagið og það er hugur í stjórninni sem er skipuð þeim Árna Sigurjónssyni, Örnunni Grímsdóttur, Birnu Hlín Káradóttur, Guðríði Svönu Bjarnadóttur og Ólafi Lúther Einarssyni. Varamenn í stjórn eru þau Íris Arna Jóhannsdóttir og Tómas Eiríksson.

Lögmannablaðið ræddi við Árna Sigurjónsson hrl., yfirlögfræðing Marel, en hann hefur tekið að sér að vera fyrsti formaður félagsins.



### Ung stétt fyrirtækjalögfræðinga

*Hver er ástæðan fyrir því að lögfræðingar sem starfa í fyrirtækjum stofna sérstakt félag?*

Aðdragandinn að stofnun félagsins hefur verið alllangur og þessi mál hafa verið að gerjast um nokkra hríð. Að undanskildum fjármála- og tryggingafyrirtækjum er ekki ýkja langt síðan stærri íslensk fyrirtæki fóru að ráða til sín lögfræðinga gagnert til að sinna lögfræðistörfum fremur en að kaupa lögfræðiráðgjöf alfarið utan frá. Okkar stétt, ef svo má segja, er því tiltölulega ung. Fljótlega eftir að ég skipti um starfsvettvang árið 2009 og gekk til liðs við Marel fór ég að líta í kringum mig eftir tækifærum til að tengja saman þau okkar sem gegndu svipuðu hlutverki í íslensku atvinnulífi og jafnframt hvað fagfélögin okkar hefðu upp á að bjóða varðandi fræðslu og þjónustu við þennan geira. Satt best að segja var ekki um auðugan garð að gresja. Ég hóf því að sækja erlendar ráðstefnur og varð fljótlega virkur í starfi Association of Corporate Counsel (ACC) í Evrópu. Þar hef ég safnað að mér fróðleik um hvað kollegar okkar beggja megin Atlantshafsins eru að fást við og komið upp góðu tengslaneti, sem hefur verið ómetanlegt í því alþjóðaumhverfi sem ég starfa í.

Alltaf saknaði ég þó vettvangs hér heima þar sem verkefni og hugðarefni lögfræðinga í fyrirtækjum væri í fyrirrúmi, og ég veit að það gildi um fleiri. Boltinn byrjaði svo að rúlla fyrir alvöru þegar við settum saman málstofu á Laga-

deginum árið 2014 um hlutverk lögfræðinga í rekstri fyrirtækja, þar sem við leituðum m.a. svara við því af hverju fyrirtæki ættu að ráða lögfræðinga til starfa og sömuleiðis af hverju lögfræðingar ættu að sækjast eftir því að starfa innan fyrirtækja. Málstofan var gríðarlega vel sótt, sú vinsælasta það árið. Fljótlega fórum við að leggja drög að stofnun félagsskapar af þessu tagi og margir lýstu yfir áhuga á að taka þátt, hvort sem hann yrði formlegur eða óformlegur. Frumkvæðið varð að koma frá þessum góða hópi og því létum við verkin tala. Úr varð að við leituðum til Lögfræðingafélagsins um þann möguleika að fá athvarf þar og var það auðsótt mál, sem mun hjálpa okkur mikið varðandi utanumhald og önnur praktísk mál í framhaldinu. Félagið var svo stofnað formlega í apríl síðastliðnum og við erum afar metnaðarfull varðandi starfið framundan. Af nógu er að taka.

### Störf sem teygja sig út fyrir lögfræðina

*Hverjir eru sameiginlegir hagsmunir lögfræðinga í fyrirtækjum?*

Þeir eru margvíslegir. Fyrst og fremst höfum við hug á að setja púður í fræðslu- og upplýsingamál til okkar félagsmanna og auðvitað lögfræðinga/lögmannna almennt þar sem áhugaefnum þessa hóps hefur ekki verið gerð sérstaklega góð skil hingað til. Þau kunna að teygja sig út fyrir mengi lögfræðinnar þar sem okkar félagar sinna margir hverjir fjölbreyttum hlutverkum hjá sínu fyrirtæki. Lagadeildir háskólanna mættu t.a.m. sýna enn

meira frumkvæði og framsýni hvað þessa hluti varðar við skipulagningu laganáms því landslagið er að breytast og framtíðarstörf lögfræðinga og lögmanna munu vafalaust breytast frá því sem við eigum að venjast í dag. Eins má reikna með því að félagið haldi nokkuð þétt utan um umræðu sem þarf að eiga sér stað um málefni eins og trúnaðarskyldu þeirra lögmanna sem eru í okkar hópi, en það hefur þótt skorta á skýrar línur í þeim efnum. Þá munum við fylgjast vel með umræðunni um fyrirhugaðar breytingar á lögmannaalögum vegna stofnunar Landsréttar, sem hafa nýlega verið kynntar og m.a. samþykktar á félagsfundum í Lögmannafélaginu. Það er afar mikilvægt að ekki verði reistar takmarkanir á möguleika lögmanna sem starfa innan fyrirtækja að fylgja málum síns umbjóðanda eftir milli dómstiga, eins og hefur verið möguleiki á hingað til. Sú þekking sem lögmenn úr okkar hópi hafa á deilumálum sem þarf að leysa úr fyrir dómstólum kann í sumum tilvikum að leiða til þess að okkar umbjóðandi óski eftir því að við flytjum málin sjálf fremur en að útvista til utanaðkomandi lögmanna, þó það sé allur gangur á því hvernig slíkum málum er háttað. Þarna eru klárlega hagsmunir undir fyrir okkar féлага.

### **Fókus á hefðbundin lögmannastörf**

*Nú eru fyrirtækjalögfræðingar ýmist lögmenn eða ekki, hefur sá hópur sem er innan LMFÍ verið vanræktur að einhverju leyti?*

Ég vil ekki taka svo djúpt í árinna að segja að þessi hópur hafi beinlínis verið vanræktur en fókusinn hjá LMFÍ hefur fyrst og fremst verið á málefnum þeirra lögmanna sem sinna hefðbundnari lögmannastörfum. Margir núverandi og fyrirverandi stjórnarmenn í LMFÍ starfa eða hafa starfað sem lögmenn innan fyrirtækja þannig að okkar sjónarmiða og hagsmuna ætti að hafa verið nægilega vel gætt. Ég sé ekki annað en að lögmönnum og lögfræðingum sem starfa hjá fyrirtækjum fari stöðugt fjölga, sem er afar jákvætt. Vonandi verður þessi fjölgun og tilkoma FLF til þess að

auka vitund stéttarinnar um þau mál sem við erum að fást við og auka fjölbreytnina í starfsemi fagfélaganna okkar.

### **Ætlum að hafa gaman að þessu**

*Hvers konar starfsemi hyggst FLF stunda?*

Við stefnum að því að vera með a.m.k. fjóra fasta viðburði yfir vetrartímann, annað hvort ein og sér eða í samstarfi við fagfélögin. Ekki er ólíklegt að við teygjum okkur eftir erlendum fyrirlesurum eftir því sem kostur verður á. Við munum líka hvetja félagsmenn okkar til að sækja viðburði erlendis, þar er úr mörgu áhugaverðu að velja. Ef vel gengur og áhugi verður fyrir slíku kæmi til greina að setja saman ráðstefnu, en það mun koma í ljós. Umfram allt ætlum við að hafa hæfilega gaman af þessu þannig að vonandi fer enginn súr af viðburðum á vegum FLF.

### **Sóknarfærin mörg og fjölbreytt**

*Því hefur oft verið haldið fram að sóknarfæri felist í því að sannfæra fyrirtæki um að ráða fleiri lögfræðinga til starfa, hvað heldur þú um það?*

Það eru mörg og fjölbreytt sóknarfæri fyrir lögfræðinga og lögmenn sem hafa áhuga á að hasla sér völl á þessu sviði. Þetta helst vitanlega í hendur við hversu öflugt atvinnulífið er á hverjum tíma en þróunin virðist vera að störfum á þessu sviði fjölga. Það er von okkar að FLF geti stuðlað að því að auka umræðu um kosti þess fyrir fyrirtæki að hafa lögfræðinga innan sinna vébanda, hvert hlutverk þeirra ætti að vera og hvaða verðmæti slíkur starfskraftur geti skapað. Ég held að stjórnendur fyrirtækja séu almennt farnir að átta sig á þessu þó reglulega þurfi að leiðrétta algengan misskilning um að við lögfræðingar og lögmenn séum fyrst og fremst kostnaðarskapandi fremur en virðisaukandi. Þar munum við vafalaust láta til okkar taka.

**Eyrún Ingaóttir.**



# Spennuþrunginn

## Audi Q7 e-tron quattro



Audi Q7 e-tron quattro er kyndilberi nýrrar tækni. Hann er fyrsti fjórhjóladrifni dísilteigivinnbíll heims og sameinar krafta rafmagnsmótors og dísilvélar. Q7 e-tron quattro er sparneytinn, umhverfismildur og eldsneytisnotkunin er aðeins 1,9 lítrar á hverja 100 km. Mættu nýrri árstíð með grænni samvisku og allt að 56 km drægni á rafmagni.

Komdu við og upplifðu Q7 e-tron quattro í hversdagslífinu.

**5** ára  
ábyrgð



HEKLA · Laugavegi 170-174 / Audi.is

# FULLTRÚAR FULLIR STREITU

Í 1. tbl. Lögmannablaðsins 2016 var fjallað um könnun sem gerð var á meðal fulltrúa lögmannsstofa í febrúar sl. Þar kom m.a. fram útskýrður 8% kynbundinn launamunur. Hér verður haldið áfram að rýna í könnunina og horft til annarra atriða. Til dæmis líta 73% fulltrúa ekki á starf sitt sem framtíðarstarf og 15% fulltrúa eru hvorki í stéttarfélagi né með slysa- og sjúkratryggingar.

## Fulltrúastarfið ekki hugsað sem framtíðarstarf

Lengi vel hófu lögmennt feril sinn í lögmenntsku sem fulltrúar og þegar þeir höfðu öðlast næga reynslu fóru þeir í sjálfstæðan rekstur. Fæstir fulltrúar sjá sig til framtíðar í því starfi þrátt fyrir að vísbendingar séu um breytt viðhorf en 10% (13 af 136) fulltrúa hafa meira en tíu ára starfsreynslu. Þá eru 22% (30 af 136) með 6-10 ára starfsaldur og 68% (93 af 136) með innan við fimm ára starfsreynslu.

Viðhorf fulltrúa til starfs síns endurspeglast í því að einungis 6% þeirra (8 af 138) geta hugsað sér að starfa sem slíkir allan sinn starfsferil en 73% (101 af 138) geta ekki hugsað sér það. Ætla mætti að allir vildu verða sjálfstætt starfandi lögmennt en svo er ekki því einungis 40% fulltrúa (56 af 138) stefna að því. Hins vegar vildi tæplega helmingur fulltrúa (66 af 138) helst starfa hjá fyrirtækjum eða félagsamtökum.

Þá taldi tæplega helmingur þátttakenda (56 af 117) sig eiga möguleika á að komast í eigendahóp lögmannsstofunnar sem þeir störfuðu hjá en 17% (20 af 117) töldu það ekki í boði. Voru ástæðurnar m.a. þær að eignarhald byði ekki

upp á það, þeir hefðu ekki fjármagn til að kaupa sig inn í reksturinn eða að það stæði einfaldlega ekki til boða.

**Flestir fulltrúar eru í ráðgjöf, málflutningi og samningagerð** Þátttakendur voru spurðir út í helstu verkefni sem þeir

## Raddir fulltrúa

„Álag og ábyrgð fulltrúa er oft á tíðum of mikil miðað við reynslu, stuðning eigenda og laun. Samkeppnin er mikil sem gerir að verkum að fulltrúar sætta sig við verri hag en ella. Í kringum mig er ungt fólk að hætta í lögmenntsku í stórum stíl vegna þessa, ungar konur eru þar í miklum meirihluta. Þetta tel ég mjög slæma þróun.“

sinntu á lögmannsstofunni. Átta af hverjum tíu (113 af 138) sögðust vera í ráðgjöf og sjö af hverjum tíu (98 af 138) í málflutningi. Þar af flytja fjórir af tíu (40 af 96) þrjú til fimm mál á ári. Þá voru sex af hverjum tíu (79 af 138) í samningagerð, fjórir af tíu (51 af 138) unnu fyrir erlenda aðila og þriðjungur (42 af 138) var í innheimtum.

## Raddir fulltrúa

„Fagna þessari umræðu - hefur vantað umræðu um það hvort fulltrúar njóti sambærilegra kjarahækkana og aðrir á vinnumarkaði og annarra launatengdra réttinda, svo sem orlofs- og desemberuppbót.“

### Ánægja með vinnuveitendum


Fulltrúarnir voru spurðir út í vinnuveitanda og kom fram að 42% (57 af 136) þeirra starfa á lögmannsstofu þar sem 5 eða fleiri lögmenntu eru sameiginlegir eigendur. Þá starfa 30% (41 af 136) á lögmannsstofu þar sem 2-4 lögmenntu eru sameiginlegir eigendur og 15% (20 af 136) á lögmannsstofu þar sem er einn eigandi.

Alls 64% fulltrúa (89 af 138) eru ánægðir með vinnustað sinn á meðan einungis 7% (9 af 138) eru óánægðir. Mun fleiri karlar eru ánægðir en konur, eða 70% (50 af 71) á móti 58% (39 af 67).

Helmingur fulltrúa (65 af 138) telur stjórnun góða á vinnustað sínum á meðan 32% (44 af 138) telja hana lélega en mun fleiri voru ánægðir með stjórnunina sem voru á millistórum lögmannsstofum en á stofum með 5 eða fleiri eigendur. Þá telja 57% (78 af 138) fulltrúa starf sitt metið að verðleikum á meðan 22% (30 af 138) telja svo ekki vera. Eins má geta þess að 85% fulltrúa (115 af 134) töldu að vinnuveitandi sinn tæki tillit til þarfa fjölskyldufólks. .

## Hvar starfa fulltrúar?

- a) Á lögmannsstofu þar sem er einn eigandi
- b) Á lögmannsstofu þar sem 2-4 lögmenntu eru sameiginlegir eigendur
- c) Á lögmannsstofu þar sem 2-4 lögmenntu eru með sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf)
- d) Á lögmannsstofu þar sem 5 eða fleiri lögmenntu eru sameiginlegir eigendur
- e) Á lögmannsstofu þar sem 5 eða fleiri lögmenntu eru með sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf)
- f) Annað



### Nær allir finna fyrir streitu

Fulltrúar voru spurðir hvort þeir myndu finna fyrir streitu í starfi og svöruðu 90% (124 af 138) því játandi. Þar af sögðust 15% (21 af 138) finna fyrir mikilli streitu og var jafnt á komið með konum og körlum.

## Raddir fulltrúa

„Grunar að það sé algengt að fulltrúar upplifa lítið starfsöryggi eins og markaðurinn er í dag. Stéttin er yfirmönnuð. Þannig er auðvelt eigendur að réttlæta lægri laun og lakari kjör.“

## Raddir fulltrúa

„Þrátt fyrir að ég sjálfur sé nokkuð sáttur með mín kjör, þá get ég ekki annað en verið ósáttur við þá almennu stöðu sem fulltrúar á lögmannsstofum eru í. Vegna þess hve háskólar útskrifa marga lögfræðinga er stétt fulltrúa löngu gjaldfallin. Eigendur á lögmannsstofum geta leyft sér að greiða fulltrúum lág laun þar sem samkeppnin um hverja fulltrúastöðu er allt of mikil og óeðlilega mikil. Ég get ekki fallist á það að það sé eðlilegt að héraðsdómslögmaður með starfsreynslu sé með litlu hærri laun en verkamaður. Sérstaklega í ljósi þess að vinnuvika fulltrúans er miklu lengri heldur en vinnuvika almennings. Sú staða sem upp er komin er alfarið á ábyrgð háskólasamfélagsins að mínu mati.“

Tæplega helmingur fulltrúa (63 af 138) finnur fyrir talsverðri streitu en þeir eru flestir með laun yfir 700 þúsund krónum. Fulltrúar vinna líka langan vinnudag en alls 67% þeirra (93 af 138) vinna 41-50 tíma á viku og 16% (22 af 138) vinna meira en 50 tíma á viku að jafnaði.

### 15% hvorki í stéttarfélagi né með tryggingar

Það vekur sérstaka athygli að alls 21 fulltrúi af 137, eða 15%, er hvorki í stéttarfélagi né með sjúkra- eða slysatryggingu á vegum vinnuveitanda. Þetta þýðir að ef fulltrúi veikist eða slasast þá er hann launalaus að lokinni þriggja mánaða greiðslu vinnuveitanda. Þeir sem eru í stéttarfélagi eða með sjúkra- og slysatryggingu fá hins vegar greiðslu allt upp í eitt ár. Þá er rúmlega helmingur fulltrúa, eða 58% (80 af 137), í stéttarfélagi en þar af eru sex af hverjum tíu (47 af 77) í Stéttarfélagi lögfræðinga og þrír af hverjum tíu (26 af 77) í VR.

### Flestir með fjölskyldu

Einungis 9% (12 af 138) þeirra sem svöruðu könnuninni eru einhleypir en 62% (85 af 138) eru með maka og börn. Þá eru 25% fulltrúa (34 af 138) með maka en barnlausir og 5% þeirra (7 af 138) eru með börn en makalausir.

Þeir sem voru með maka og börn voru spurðir hvort þeir næðu að samræma fjölskyldulíf og vinnu og verja jöfnum tíma á við maka sinn við rekstur heimilisins. 54% (45 af 84) svöruðu því játandi en 40% (34 af 84) neitandi. Fleiri konur en karlar sögðust ná því að samræma fjölskyldulíf og vinnu.

## Raddir fulltrúa

„Vegna offramboðs í stéttinni er samningsstaða manns mjög léleg og þar af leiðandi geta vinnuveitendur haldið launum mjög lágum.“

Eyrún Ingadóttir.



## AF MERÐI LÖGMANNI


Mörður er í tilvistarkreppu ekki ólíkri þeirri sem hann gekk í gegnum árið 1980 þegar John Lennon var myrtur. Því er Mörður að velta fyrir sér að hætta skrifa pistla í Lögmannablaðið. Ástæðan er ekki nýliðinn miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins og heldur ekki átakafundur í Félagi kvenna í lögmennsku sem hefur ítrekað hunsað óskir hans um inngöngu. Ástæðan er heldur ekki nýlegar tillögur LMFÍ til innanríkisráðuneytisins um breytingar á lögmannaálagum. Ástæðan er Facebook en Mörður hefur síðustu mánuði verið gildur limur á þessum samfélagsmiðli og þótt afar hnyttinn og skemmtilegur á þeim vettvangi enda hentar miðillinn hans kímni vel. Vinir úr röðum lögmanna hafa safnast að honum eins og mý á mykjuskán en Mörður hefur þann háttinn á að samþykka aðeins vinabeiðnir á Facebook frá nánustu vinum úr lagadeildinni og svo auðvitað Framsóknarflokknum.

Þrátt fyrir skamma veru á samfélagsmiðlinum hefur Mörður lent í töluverðum útistöðum. Lögfreyjur og sósíalistar úr öllum áttum hafa ítrekað reynt að bola honum burtu af þeirri ástæðu einni að hann birti til gamans samanklippta mynd af þekktri lögfreyju, sósíalista úr Eyjafirðinum og hundinum Lúkasi. Myndin var auðvitað svo erkifyndin að Mörður sjálfur veltist um af hlátri við föndrið og vildi auðvitað deila snilldinni með nánustu vinum. Einhvern veginn æxlaðist það samt þannig að miklu mun fleiri sáu listaverkið og myndin birtist meira að segja í sósíalísku dagblaði sem er borið út á hvert heimili landsins daglega og á Mörður yfir höfði sér meiðyrðamál frá einhverjum spjátrungi sem kallar sig lögmán frá 1971.

Þrátt fyrir að Mörður hafi alltaf verið til í smá at og gjarnan þurft að svara fyrir ýmis ummæli og gerðir fyrir úrskurðarnefnd lögmanna, svo ekki sé talað um dómstóla landsins, þá finnst Merði sem byrjað sé að hausta í lífi hans. Skrokkurinn er farinn að gefa sig, aukakílóin þrjátíu eru byrjuð að valda ýmsum lífsstíllssjúkdómum og nýliðin ristilspeglun var lífsreynsla sem hann ætlar ekki að deila með lesendum Lögmannablaðsins. Lungnaþemba sem pípureykingar frá 12 ára aldri er kennt um hefur plagað hann dálítið og því verður ekki neitað að 2 – 3 viskíglös á hverju kvöldi á Mímisbar á tíunda áratugnum fór ekki vel í lifrina.

Auk fyrrgreindrar heilsuveilu og Facebook-vandræða virðist enginn lesa lengur pistla Marðar lögmans í Lögmannablaðinu. Eftir töluverða sjálfsskoðun telur Mörður ritsnilli sína frekar eiga erindi við vaxandi hóp aðdáenda íslenskra glæpasagna sem fært hafa ótrúlegustu latte-lepjandi miðborgar-rithöfunum frægð og frama, jafnvel utan landsteinanna. Telur Mörður tíma sínum betur varið við smíði glæpabókmennta en að skrifa pistla sem enginn les eða eiga í þrasi við lögfreyjur og sósíalista á samfélagsmiðlum. Auk þess blasir við að áratuga reynsla Marðar á meðferð sakamála ætti að tryggja honum vissa yfirburði sem glæpasagnarithöfundur. Mörður er þegar kominn með vinnutítil á fyrsta meistaraaverkið: "Morðið á Melavellinum".

Nú þarf Mörður bara að ráða sig sem innanhúslögmán í stöndugu fyrirtæki á lista Kauphallar til að geta notað vinnutímann til að skrifa. Svo fær hann nýútskrifaða og atvinnulausa lögfræðinga til að sinna vinnunni og það þarf ekki einu sinni að borga þeim laun. Til að fullkomna lífið þarf Mörður að kaupa eins jakka og hann keypti í Herrafataverslun Guðsteins Eyjólfssonar fyrir hrún. Þá getur hann haft jakkann á stólbakinu við skrifboðið á meðan hann skreppur í burtu til að sinna erindum. Það komst að minnsta kosti aldrei upp um hann hjá SÍS í gamla daga þegar hann var í burtu heilu og hálfu dagana. Þar var viðkvæðið: „Hann er einhvers staðar í húsinu, ég sé jakkann hans hérna“.



# LEIKMENN Í ÖLLU

## VERÐA OFT SÉRFRÆÐINGAR Í ENGU

Á síðasta ári var starfsmannaleigan Lexitex stofnuð. Að sögn Guðmundar Páls Líndal lögfræðings, sem er annar eigenda fyrirtækisins, er ætlunin að lögmannsstofur fái lögfræðinga eða lögmenn í einstök verkefni án þess að skuldbinda sig í ráðningu starfsmanns. Með þessum hætti geti þær verið sveigjanlegri og sniðið sér stakk eftir vexti.



*Eruð þið með einhverja alþjóðlega fyrirmynd að þessari þjónustu?*  
Já, lögfræðileg útvistun hefur lengi verið stunduð erlendis, m.a. í Bandaríkjunum og í Bretlandi. Starfsmannaleigur á borð við Lawyers On Demand, til dæmis, hafa leitað leiða til að gera þjónustuna ódýrari og straumlínulagaðri og það má líkja okkur við þá. Við reynum að gera ferlin einföld og sjálfvirk þannig að kostnaður við milliliði og yfirbyggingu verði sem minnstur. Þannig verður þjónustan ódýrari án þess að skerða kjör þeirra sem taka að sér verkefni hjá okkur.

*Nýta margir lögmennt sér þjónustuna?*

Ekki ennþá. Þetta er ný nálgun hér á landi og því má búast við að það taki ákveðinn tíma að ná fótfestu. Viðskiptavinum okkar hingað til hefur hins vegar litist vel á þjónustuna og hafa nýtt sér hana oft en einu sinni.

*Hve marga sérfræðinga hafið þið á ykkar snærum?*

Við höfum um 70 lögfræðinga og lögmennt á skrá hjá okkur sem eru með sérþekkingu á öllum mögulegum sviðum. Þar að auki hafa stærri lögmannsstofur séð sér hag í því að nota Lexitex til að leigja út sína starfsmenn í tímabundnum verkefnaskorti eða til að auka tekjur sínar.

*Hverjir eru viðskiptavinir ykkar?*

Við höfum orðið varir við mikinn áhuga hjá einyrkjum. Stofur sem eru regnhlíf fyrir marga sjálfstætt starfandi

lögmennt hafa einnig sýnt okkur áhuga. Stærri stofurnar hafa fyrst og fremst viljað leigja út sína starfsmenn með milligöngu Lexitex en þess má geta að Lawyers On Demand var upphaflega innanhúsverkefni breskrar lögmannsstofu þar sem hún hóf að leigja út eigin starfsmenn. Við sjáum því einnig ákveðin tækifæri í því að búa til innviði sem þarf til að allar lögmannsstofur geti leigt út sína starfsmenn með einföldum hætti.

*Hvernig fer þjónustan fram?*

Lögmaður sendir okkur ítarlega lýsingu á verki sem þarf að vinna ásamt kröfum um menntun og starfsreynslu þess sem mun taka það að sér. Út frá þessari lýsingu metum við tímafjöldann við verkið og sendum lögmanni kostnaðaráætlun ásamt mögulegum vikmörkum. Ef lögmaður ákveður að fá fulltrúa Lexitex í verkið er skrifað undir samning um meðferð trúnaðarupplýsinga þar sem Lexitex og verktaki skuldbinda sig til að halda trúnaði um öll atriði sem varða málið. Eftir það getur verktaki hafið vinnu sína og fær greitt við afhendingu.

*Hverjir eru kostir og gallar þjónustunnar?*

Í fyrsta lagi getur lögmaður fengið sérfræðing í einstök verkefni þegar mikið er að gera en sveiflukenndur mála fjöldi veldur því að oft er erfitt að ráða inn starfsfólk þar sem óvíst er að verkefnafjöldinn haldi sér. Í öðru lagi til-einka lögmennt sér oftast þröng sérsvið. Slík sérhæfing er

vissulega nauðsynleg þar sem leikmenn í öllu verða oft sérfræðingar í engu, en á hinn bóginn veldur slík sérhæfing vandræðum fyrir einyrkja og smærri stofur þar sem hún takmarkar og útilokar fjölda mála sem þeir gætu annars tekið að sér. Lögmennt geta tekið að sér hvaða mál sem er og látið okkur um þá hluta sem eru utan þeirra sérsviðs. Í þriðja lagi geta lögmannsstofur boðið upp á hagkvæmari og ódýrari þjónustu. Lögmennt sem eru hoknir af reynslu vilja ekki og eiga ekki að taka að sér rúttínuvinnu á borð við skjalagerð eða einfaldar dómarrannsóknir og því síður vilja viðskiptavinir þeirra borga slíkum reynsluboltum fyrir þá vinnu. Þeir geta einfaldlega látið okkur um þessa vinnu og einbeitt sér að kjarna málsins.

Ef ég á að nefna einhvern galla þá er það helst það að tíma-kaup verktaka Lexitex virðist oft vera hátt miðað við tíma-kaup fulltrúa. Við teljum hinsvegar að þegar launatengd gjöld og annar kostnaður eru tekinn með í reikninginn séum við talsvert ódýrari.

*Hvað kostar að nýta sér þjónustuna?*

Kostnaðurinn er mismunandi eftir reynslu og hæfni þess sem tekur að sér verk. Þau sem krefjast ekki mikillar reynslu eða sérhæfingar geta kostað um kr. 4.490 krónur á klukku-

stund auk virðisaukaskatts. Meiri sérhæfing og reynsla er dýrari en þeir sem framkvæma vinnuna fá greitt frá okkur gegn útgáfu reiknings.

*Nú er heimasíða ykkar á ensku, eruð þið að stefna á alþjóðlegan markað?*

Við erum einnig með íslenska heimasíðu, [www.lexitex.is](http://www.lexitex.is), sem verið er að uppfæra og fer upp aftur innan tíðar. Við ætlum hins vegar að stefna á alþjóðlegan markað þegar tilefni er til enda er hann gríðarstór, einkum í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þessa stundina einbeitum við okkur hinsvegar fyrst og fremst að Íslandi og tökum eitt skref í einu.

**Eyrún Ingadóttir.**

## Athugasemd við gamla mynd

Fyrir á þessu ári var Lögmannablaðið sett á [www.timarit.is](http://www.timarit.is) og hefur lesendahópur blaðsins stækkað verulega. Nýlega barst ritstjóra athugasemd um meðfylgjandi mynd en í 5. tbl. 2001, bls. 26 er sagt að Dagmar Lúðvíksdóttir sé í öftustu röð t.v. Hins vegar mun þetta vera Halldóra Magnúsdóttir, eiginkona dr. Þórðar Eyjólfssonar prófessors.

Ekki er tekið fram tilefni þessarar hátíðar í Lögmannablaðinu árið 2001 né heldur hvenær myndin er tekin.



Á myndinni eru: Aftasta röð - háborð frá vinstri: Halldóra Magnúsdóttir, Sveinn Björnsson, forseti Íslands heldur ræðu, Þórður Eyjólfsson, Georg Björnsson, Gizur Bergsteinsson, Hermann Jónasson og Gísli Sveinsson. Fyrir framan Svein eru: dr. Björn Þórðarson, Sigríður Magnúsdóttir, Ólafur Lárússon og óþekkt kona. Lengst til vinstri er væntanlega vangasvipur Theodórs Línadal.

# MÁLÞING UM GJAFSÓKN Í FINNLANDI

Í byrjun september var haldið norrænt málþing um gjafsóknarmálefni í Helsinki. Tveir fulltrúar voru frá hverju landi en auk greinarhöfundar, sem sótti þingi á vegum LMFÍ, sótti Haukur Guðmundsson hdl., formaður gjafsóknarnefndar, málþingið á vegum innanríkisráðuneytisins.

Fyrri dagurinn var helgaður almennum umræðum og kynningu á gjafsóknarfyrirkomulagi í hverju landi fyrir sig auk umfjöllunar um hvaða breytingar hafi orðið nýlega eða séu í umræðunni. Síðari dagurinn var svo helgaður umfjöllun um gjafsókn til handa hælisleitendum og hvernig Norðurlöndin taka á málefnum þeirra og rétti til aðgangs að dómstólum.

## Reglur um gjafsókn

Gjafsókn á Norðurlöndum hvílir alls staðar á sama grunni og er byggð á því að aðstoða þá efnaminni við að halda fram rétti sínum fyrir dómstólum, enda eru það grundvallarmannréttindi hvers einstaklings að eiga aðgang að dómstólum til að setja niður deilur og einn af meginþáttum réttarríkisins. Útfærsla á kerfinu er síðan mismunandi milli landa.

Á öllum hinum Norðurlöndunum nær gjafsókn einnig til lögfræðilegrar ráðgjafar og jafnvel samningaviðræðna. Í Finnlandi starfa lögfræðingar og lögmenn á ríkisreknum stofnunum um allt land og taka að sér ráðgjöf og


dómsmál. Svipað fyrirkomulag er í Noregi en í Svíþjóð og Danmörku leita einstaklingar til lögmanna eftir ráðgjöf sem geta síðan sótt um gjafsókn þótt ekki sé um dómsmál að ræða.

## Tílefni til málssóknar

Á Íslandi verður ávallt að sýna fram á tílefni til málssóknar til að fá gjafsókn. Svipaðar reglur eru í Danmörku og Noregi og var nokkur umræða um slíkar takmarkanir og réttmæti þeirra. Í Finnlandi og Svíþjóð taka skrifstofurnar við öllum og fara áfram með þau mál sem viðkomandi vill. Finnar og Svíar eru hins vegar afar áhyggjufullir yfir því hversu fjárfrekt kerfið sé orðið og hið opinbera leggur mikla áherslu á að leita leiða til að skera það niður.

## Hælisleitendur

Mikil aukning innflytjenda og hælisleitenda var á síðasta ári á öllum Norðurlöndunum. T.a.m sóttu 30 þúsund manns um hæli í Finnlandi árið 2015, miðað við 3 þúsund árið á undan. Í Noregi sóttu um 2.500 manns á viku um hæli seinni hluta ársins 2015 en venjulega eru umsóknir um 250 á viku.



Í Danmörku sóttu ríflega 21 þúsund manns um hæli árið 2015 miðað við 14 þúsund árið 2014.

Vegna þessa hefur álagið á stjórnsýslu-kerfi útlendingamála verið mikið og eiga öll löndin það sammerkt að veita fría réttaraðstoð á stjórnsýslustigi, þ.e. veita aðstoð við kærur til æðra stjórnvalds ef neitun á hæli er niðurstaðan í upphafi. Það er hins vegar almennt ekki veitt réttaraðstoð við upphaflega umsókn um hæli við komu til landsins. Ýmis útfærsla var þó eftir löndum og mismikil aðstoð veitt. Í Noregi er t.a.m. ekki veitt frí réttaraðstoð á æðra stjórnsýslustigi nema niðurstaðan sé sú að upphafleg ákvörðun um neitun á hæli sé snúid við. Er það augljóslega gagnrýniverð og aðstoð þannig miklum takmörkunum háð.

**Þyrí Steingrímisdóttir hrl.**

# LÖGBANN

## Á HEIMILISFANG OG AFLEIÐINGAR ÞESS

JENS PÉTUR JENSEN ÞJÓÐHAGFRÆÐINGUR

Í október 2015 lagði Sýslumaðurinn í Reykjavík, illu heilli, lögbann á nokkur íslensk fjarskiptafyrirtæki sem bannar þeim að „veita viðskiptamönnum sínum aðgang að vefsíðunum [www.deildu.net](http://www.deildu.net), [www.deildu.com](http://www.deildu.com), [www.iceland.pm](http://www.iceland.pm), [www.icetracker.org](http://www.icetracker.org), [www.afghanpirate.com](http://www.afghanpirate.com), [www.deildu.eu](http://www.deildu.eu), [www.thepiratebay.se](http://www.thepiratebay.se), [www.thepiratebay.sx](http://www.thepiratebay.sx) og [trepiratebay.org](http://trepiratebay.org)“, eins og það er orðað.

Grein þessi er skrifuð nú í tilefni þess að tvö fyrirtækjanna, Símafélagið ehf. og Hringiðan ehf., una ekki lögbanninu og leita nú réttar síns fyrir dómstóli. Hér verður reynt að sýna fram á hversu gagnslaut, skaðlegt og ósanngjarnt það er að þvinga fjarskiptafyrirtæki til að útiloka heimilisföng (e. DNS blocking) í efsta lagi burðarvirkis Internetsins, þ.e.a.s. í nafnakerfinu (e. DNS-system) sem allir netþjónustuaðilar starfa í. Á ensku er aðferð þessi ýmist kölluð *DNS blocking*, *DNS spoofing*, eða *Content blocking via the domain name system*. Hér eftir verður orðasambandið **DNS fölsun** notað.

Með grein þessari er ekki ætlunin að mæla ólöglegu niðurhali bót heldur að uppfræða löglærða um hættuna sem skapast þegar aðgangur almennings að tilteknum heimilisföngum (lénum) á netinu er hindraður með þessari aðferð.

Í fljótu bragði kann að virðast að DNS fölsun sé lítið mál og réttmæt og að lögbannið nái markmiði sínu með því að beita henni. Ekkert af þessu stenzst skoðun.

**Fótum kippt undan þróun öryggis á netinu**

Í fyrsta lagi er hér um að ræða stórt alþjóðlegt vandamál sem felst í því að misvitur stjórnvöld hafa beitt aðferðinni, ýmist í góðri trú, án þess að gera sér grein fyrir skaðanum og árangursleysinu, eða með beinum vilja í tilfalli ritskoðunar. Málið snertir einnig heilbrigði og gæði Internetsins en um það hafa verið skrifaðar margar greinar.<sup>1</sup>

Internetið er sameiginlegur vettvangur almennings um allan heim. Það er óháð gagnvart efninu sem þar má finna og fullkomnlega sanngjarn í allri sinni virkni, með því að afgreiða fyrirspurnir um lén (DNS fyrirspurnir) eins gagnvart öllum notendum – hvar sem þeir búa.

Með lögbanninu hefur Sýslumaðurinn í Reykjavík hins vegar fyrirskipað tilgreindum innlendum fjarskiptafyrirtækjum (sem skulu vera hlutlaus og vinna samkvæmt viðurkenndum internetstöðlum) að brjóta eitt af grunnkerfum netsins, DNS kerfið, og þar með kippt fótunum undan þróun undanfarinna ára sem stuðlar að auknu öryggi í nafnakerfi netsins með því að nota svokallað DNSSEC (e. *DNS Security*).<sup>2</sup>

Netþjónustaðili sem notar DNS fölsun til að stjórna netnotkun notenda sinna getur þar með ekki notað DNSSEC tæknina, sem rutt hefur sér rúms undanfarin ár, og ISNIC hefur innleitt fyrir .is-lén, til að koma í veg fyrir DNS fölsun

<sup>1</sup> Sjá t.d. „Liability of domain name registries: Don't shoot the messenger“, e. próf. M. Truyens og P. Van Eecke. <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0267364915001831>

<sup>2</sup> Upplýsingar um öryggiskerfið/aðferðina DNSSEC: <https://www.icann.org/resources/pages/dnssec-qaq-2014-01-29-en>



glæpamanna, sem herja á hans viðskiptamenn. M.ö.o. ofangreint lögbann torveldar innlendum fjarskiptafyrirtækjum að verjast DNS-fölsunum. Í reynd þvingar lögbannið fjarskiptafyrirtækin til að viðhafa samskonar vinnubrögð og glæpamenn beita, þ.e.a.s að stunda DNS fölsun, þótt tilgangurinn sé vissulega góður, þá er aðferðin eins í báðum tilvikum og skaðinn á internetinu jafn mikill.

Sem sagt, lögbannið þvingar viðkomandi fyrirtæki til að bjóta viðurkennda staðla netsins og afvegaleiða tilgreinda innlenda netnotkun samkvæmt skipun lögbannsbeiðanda, með því að falska svör við DNS-fyrirspurnum sinna viðskiptamanna um tiltekin lén, með það að markmiði beina notkun þeirra sem t.d. ætluðu að sækja lénið „thepiratebay.se“, inn á annað lén/vefsvæði, t.d. inn á lénið „stef.is“, sem er heimilisfang/heimasíða þess aðila sem krafðist lögbannsins.

#### Lögbann á rangan aðila

Í öðru lagi er lögbannið óréttmætt því það beinist að hlutlausum og saklausum aðila (sjá 1. tilvísun og skýrslu ICANN). Fjarskiptafyrirtæki „veita ekki aðgang að tilteknum vefsíðum á netinu“ eins og það er orðað í úrskurðinum, heldur veita þau eingöngu aðgang að internetinu sem slíku, rétt eins og orkuveitur og vatnsveitur veita aðgang að rafmagni og vatni. Þ.a.l. er engin „athöfn“ framkvæmd hjá þjónustuveitanda þegar netnotendur kalla fram ákveðna vefsíðu/lén. Það er á ábyrgð netnotendanna sjálfra hvaða lén þeir heimsækja og hvaða efni þeir sækja á netið, rétt eins og það er á ábyrgð kaupenda rafmagns og vatns hvernig þeir nota þjónustu veitufyrirtækja. Nærtækari

samanburður væri t.d. við símanúmer, eða húsnúmer og heimilisfang. Hverjum dytti í hug að banna ákveðin símanúmer, götuheiti, eða húsnúmer með lögbanni vegna þeirrar starfsemi sem þar fer fram?

Lén vísa á svokallaðar ip-tölur og þær vísa síðan á vefþjóna og pósthjóna, eða í nettengd tæki og í svokölluð ip-símanúmer núorðið. Lokun léns (e. domain blocking) lokar á allar þjónustur sem tengjast viðkomandi léni, líka tölvupóstinn. Óvíst er að sýslumaðurinn hafi haft þetta í huga þegar hann samþykkti lögbannið.

#### Skaði DNS fölsunar

Í þriðja lagi er lögbannið tilgangslaust og getur tæknilega séð ekki náð markmiði sínu, nema að takmörkuðu leyti, því það beinist að röngum aðila efst í DNS-kerfinu. Notendur fletta viðkomandi lénum einfaldlega upp í gegnum aðrar leiðir, því lénin eru áfám til, og aðra þjónustuaðila, t.d. með því að nota einhvern hinna fjölmörgu opnu nafnaþjóna (e. Open DNS) sem finna má víða á netinu og sem vitað er að stunda ekki DNS fölsun.

Og nú að skaðanum sem DNS fölsun skapar í umferðarstýringu netsins: Umferðarstýring (e. routing) hefur tvönn konar megin tilgang: a. Að minnka biðtíma eftir gögnum (þ.e. að auka hraða) og b. Að lágmarka kostnað. DNS fölsun útilokar ákveðna möguleika stórra gagnaveitna til stýringar á netumferð, aðferð sem þær hafa notað árum saman til að hámarka afköst gagnaflutninga til einstakra notendahópa og svæða á internetinu. Aðferðirnar byggjast á að svara fyrirspurnum frá notendum (tölvum) ávallt frá

gagnaveitum sem staðsettar eru „nálægt“ þeim netlega séð. Þessi nálægð ræðst m.a. af staðsetningu nafnaþjóna sem afgreiða fyrirspurnir notenda.

Ef notendur innlends fjarskiptafyrirtækis nota nafnaþjóna úti í heimi, munu gagnaveitur afgreiða gagnaflutning þessara notenda frá gagnaþjónum sem eru „nálægt“ þessum nafnaþjónum í stað þess að nota gagnaþjóna sem þjóna Íslandi, eða er staðsett á Íslandi. Umferð til þeirra verður af þessum sökum hægð og dýrari (erlent niðurhal) en ella fyrir alla notendur. Benda má á í þessu sambandi vandaða skýrslu öryggishóps ICANN (aðalstjórnanda Internetsins) en hún varð til þess að DNS fölsun hefur að mestu verið aflögð í Evrópu og Bandaríkjunum, en viðgengst því miður enn á minna þróuðum svæðum.<sup>3</sup>

#### Hvað hefði átt að gera?

Lögbanninu hefði átt að beina til eigenda hinna ólöglegu vefsíðna annars vegar, og hins vegar til þeirra sem sóttu hið ólöglega efni og notuðu það, þ.e.a.s. til brotumannsins sjálfs. Enn betra væri, að í stað lögbanns og tilheyrandi þvingunaraðgerða, kæmu fyrirmæli um að fjarskiptafyrirtæki framsendi kvartanir sem þeim berast um „ólöglega“ dreifingu efnis, til notenda sinna. Slíkar

aðgerðir má gera sjálfvirkar, þær kosta lítið, en bera mun meiri árangur. Þeir sem nota og dreifa illa fengnu efni án leyfis, láta oftast af slíkri háttsemi þegar í ljós kemur að fulltrúar eigenda efnisins geta náð sambandi við þá – þótt óbeint sé. ISNIC notar hliðstæðar aðferðir þegar kvartað er yfir rangri lénaskráningu, sem aftur kemur í veg fyrir að hægt sé að ná sambandi við raunverulegan réttihafa léns.

Aðferðir þær, sem hér eru tíundaðar og eru gerðar til þess að framfylgja lögbanni á lén, eru því miður algengar í minna þróuðum löndum eins og N-Kóreu og Kína, en Kínverjar eru sem kunnugt er frægir fyrir sinn „Mikla kínverska eldvegg“ (e. „The Great Firewall of China“). Hann er í raun stórt lénalokunarkerfi, sem framkvæmir umfangsmikila hreinsun á kínverska hluta internetsins og hindrar að verulegu leyti aðgang almennings að fjölmörgum lénom, eins og t.d. wikipedia.org, google.com og facebook.com. Hefur einhverjum dottið í hug að loka aðgangi Íslendinga að léninu facebook.com?

**Höfundur er framkvæmdastjóri Internets á Íslandi hf. ISNIC. Meðhöfundur tæknilegra kafla er Maríus Ólafsson, tölvunarfræðingur, net- og gæðastjóri ISNIC.**

<sup>3</sup> SAC 056 skýrsla ICANN: <https://www.icann.org/en/system/files/files/sac-056-en.pdf>

## Nýr starfsmaður á skrifstofu LMFÍ

Í byrjun september hóf **Valgeir Þór Þorvaldsson** lögfræðingur störf á skrifstofu LMFÍ tímabundið á meðan Anna Lilja Hallgrímsdóttir hdl., er í fæðingarorlofi. Valgeir Þór útskrifaðist með meistaragráðu frá lagadeild Háskóla Íslands í október 2015 og starfaði um tíma sem lögfræðingur hjá Samgöngustofu. Valgeir Þór mun sjá um eftirlitshlutverk félagsins gagnvart lögmonnum, s.s. starfsábyrgðartryggingar, undanþágur, fjárvörslureikninga ásamt fleiru. Við bjóðum hann velkominn til starfa.







RAGNAR HALLDÓR HALL HRL.

# LÁN Í ÓLÁNI

## – EÐA HVAÐ?

Innanríkisráðuneytið hefur á undanförunum mánuðum ítrekað fengið fyrirspurnir frá Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) vegna mála þar sem íslenska ríkið er kært fyrir ætluð brot gegn Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE). Ráðuneytið óskaði í lok júní sl. eftir framlengingu á fresti til umsagnar í nokkrum þessara mála og bar við miklu annríki í ráðuneytinu vegna fjölda mála sem beint væri gegn Íslandi. Það er að sjálfsögðu mikið ólán fyrir íslenska réttarríkið að það skuli nú vera komið undir smásjá MDE með þeim hætti sem fyrirspurnir dómstólsins benda til.

Það vakti athygli lögmannna kærendanna að frestbeiðni ráðuneytisins var undirrituð af íslenskum lögfræðingi sem til skamms tíma starfaði hjá MDE og hafði verið í samskiptum við a. m. k. einn þeirra lögmannna sem bíða eftir niðurstöðum á kæru til dómstólsins. Mun hún hafa starfað hjá MDE til ársloka 2015 og hafa tekið þátt í vinnu við meðferð mála frá Íslandi til þess tíma.

Nánari eftirgrennslan leiðir í ljós að lögfræðingur þessi er nú starfandi hjá Umboðsmanni Alþingis, en mun vera í einhvers konar „láni“ til að vinna fyrir innanríkisráðuneytið í málefnum sem varða mannréttindi. Jafnvel þótt einhverjum kunni að þykja þessi tilhögun vera einhvers konar lán í áðurnefndu óláni réttarríkisins vaknar sú spurning hvort eðlilegt sé að embætti Umboðsmanns Alþingis „láni“ starfsmenn sína til að vinna fyrir ríkisstofnanir sem embætti Umboðsmanns Alþingis á að hafa eftirlit með.

Því er hér með varpað fram til umhugsunar hvort þetta „starfsmannslán“ sé þegar öllu er á botninn hvolft raunverulegt lán í óláni.

# HEIMILISOFBELDI Í STRASSBORG

Á liðnum misserum hefur umræða um heimilisofbeldismál á Íslandi aukist svo að eftir hefur verið tekið. Árið 2008 tóku gildi lagabreytingar sem fólu í sér að lögreglu varð heimilt að gera einstaklingi sem grunaður var um að beita maka sinni heimilisofbeldi að víkja af heimilinu í ákveðinn tíma. Breytingin var að austurrískri fyrirmynd sem er ástæða þess að þetta hefur verið kallað austurríska leiðin. Vinnulag við rannsókn og saksókn ætlaðra heimilisofbeldismála hefur einnig tekið breytingum og samvinna lögreglu og félags- og barnaverndarþjónustu sveitarfélaga hefur verið formgerð í fjölda sveitarfélaga til þess að tryggja bætta meðferð mála af þessum toga. Þessar breytingar eiga meðal annars rætur sínar að rekja til breytinga sem lögreglan á Suðurnesjum gerði undir forystu Sigríðar Bjarkar Guðjónsdóttur lögreglustjóra og hefur síðan verið vísað til sem Suðurnesjamódelisins.

Þessar breytingar eru í samræmi við aðgerðir sem stjórnvöld hefðu engu að síður þurft að grípa til svo að fullgilda mætti samning Evrópuráðsins um ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi. Enn er unnið að undirbúningi fullgildingu samningsins. Samningurinn var samþykktur í Istanbul í Tyrklandi og hefur verið vísað til hans sem Istanbul samningsins vegna þessa. Tyrkir voru einnig fyrstir ríkja til þess að fullgilda samninginn eftir að hann var samþykktur árið 2011. Af dómafrankvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu og skýrslum mannréttindasamtaka að ráða mátti margt bæta í tyrkneskri löggjöf og frankvæmd varðandi heimilisofbeldi. Með fullgildingu samningsins réðust Tyrkir í ýmsar lagabreytingar í því skyni að bæta meðferð slíkra mála í réttarkerfinu.

Því er ekki víst að niðurstaða Mann-

réttindadómstóls Evrópu í málinu Halime Kılıç v. Turkey (kæra nr. 63034/11) endurspegli fyllilega gildandi frankvæmd þar í landi. Engu að síður koma fram ýmis sjónarmið í niðurstöðu dómstólsins sem rétt er að vekja athygli á í tengslum við íslenska frankvæmd.

## Fyrri tyrkneska málið

Kærandinn í málinu er móðir konu sem sætti heimilisofbeldi af hendi eiginmanns síns. Frá miðjum júlí til októberloka árið 2008 lagði konan fjórum sinnum fram kærur eða kvartanir til þar til bærra yfirvalda vegna ofbeldis og hótana mannsins. Þrisvar sinnum var með dómi fallist á kröfur hennar um brottvísun hans af heimili þeirra og að hann skyldi sæta nálgunarbanni. Maðurinn braut ítrekað gegn nálgunarbönum og beitti

konuna frekara ofbeldi. Þrátt fyrir að heimildir stæðu til þess, og konan færi fram á það, var honum ekki gert að sæta gæsluvarðhaldi eða annarra þvingunarráðstafana vegna þessa. Í síðasta skiptið sem konan leitaði til yfirvalda vegna mannsins tilkynnti hún einnig um brottnám hans á tveimur börnum þeirra og óskaði eftir liðsinni lögreglu þar sem að hún óttaðist verulega um líf sitt. Tveimur vikum síðar banaði maðurinn konunni og framdi í framhaldinu sjálfsmorð.

## Dómur MDE

Dómstóllinn féllst í málinu á kröfur kærandans um að meðferð málsins fæli í sér brot tyrkneskra stjórnvalda á réttinum til lífs í 2. gr. samningsins og bann við mismunun í 14. gr. sbr. 2. gr. Sérstaklega taldi dómstóllinn úrræðaleysi yfirvalda við að fylgja eftir þving-



MARÍA RÚN BJARNADÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR.

unaraðgerðum sem maðurinn átti að sæta á mælisverðar. Með aðgerðarleysi sínu hefðu stjórnvöld brugðist hlutverki sínu og skuldbindingum skv. Mannréttindasáttmála Evrópu með því að skapa manninum einhverskonar svigrúm til refsileysis vegna háttsemi sinnar. Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að skýr heimild hefði legið fyrir til þess að grípa til ráðstafana sem hefðu verið til þess fallnar að tryggja betur öryggi konunnar hefði aðgerðarleysi yfirvalda í raun gert réttarúræðin óvirk með þeim afleiðingum að líf hennar hefði ekki notið fullnægjandi verndar. Þá taldi dómstóllinn rannsókn lögreglu í málunum ábótavant og bera með sér að málið hefði ekki fengið nægan forgang hjá lögreglu miðað við alvarleika þess.

#### Seinna tyrkneska málið

Í öðru máli gegn Tyrklandi (M.G. gegn Tyrklandi, kæra nr. 646/10) fyrir á árinu komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að seinagangur lögreglu

við rannsókn heimilisofbeldismáls og skortur á beitingu lögbundinna úrræða urðu til þess að kærandi sá sér engan kost annan en að búa áfram með eiginmanni sínum, fælu í sér brot á skuldbindingum tyrkneska ríkisins samkvæmt 3. gr. samningsins um bann við pyndingum og ómannúðlegri meðferð og 14. gr. í samhengi við 3. gr. Í niðurstöðu sinni vísaði dómstóllinn til þess að samkvæmt ákvæðum Istanbúl samningsins bæri ríkjum að tryggja að rannsókn og saksókn heimilisofbeldismála færu fram án ónauðsynlegra tafa. Þá taldi dómstóllinn að aðgerðarleysi í meðferð málsins í réttarvörslukerfinu væri til þess fallið að skapa umhverfi sem samþykkti heimilisofbeldi, nokkuð sem samrýmdist ekki mannréttindaskuldbindingum stjórnvalda.

#### Mikilvægt að tryggja lagabreytingar

Þó að meðferð heimilisofbeldismála hér á landi hafi tekið miklum framförum er varla hægt að fagna fullnað-

arsigri. Fjölmiðlar hafa fjallað um mál þar sem erfiðlega hefur reynst fyrir stjórnvöld að grípa til úrræða til þess að vernda einstaklinga sem sitja undir hótunum eða ítrekuðum stafrænum sendingum. Í fyrrgreindum Istanbúl samningi er fjallað um að stjórnvöldum beri að grípa til ráðstafana til þess að vernda einstaklinga fyrir þess háttar heimilisofbeldi sem vísað er til sem stalking. Með vísan til dómafrankvæmdar MDE verður mikilvægt fyrir stjórnvöld að tryggja að lagabreytingar sem ráðist verður í vegna ákvæðisins séu framkvæmanlegar og tryggja virk og raunveruleg réttarúræði fyrir þólandur heimilisofbeldis, ekki bara á pappír.

Höfundur er doktorsnemi í lögfræði við Sussex-háskóla

# NÝ LÖG UM ÚTLENDINGA BETRUMBÆTUR EN ENGIN BYLTING

Á vorþingi 2016 voru samþykkt ný heildarlög um útlendinga sem byggðu á grundvelli vinnu þverpólitískrar þingmannanefndar sem skipuð var vorið 2014. Örar breytingar í málaflokknum á síðustu árum hefur skapað þörf á heildstæðri endurskoðun á lögum um útlendinga, m.a. í þeim tilgangi að auka skýrleika laganna og skilvirkni stjórnslu.

Frá árinu 1956 hefur Rauði krossinn á Íslandi komið að málefnum flóttamanna en félagið vinnur nú að málefnum flóttamanna og hælisleitenda í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Með samningi við innanríkisráðuneytið árið 2014 tók Rauði krossinn að sér enn umfangsmeiri þjónustu við hælisleitendur, þar með talið lögfræðilega aðstoð vegna umsóknar um hæli. Í þessari grein verður gerð stutt grein fyrir helstu breytingum nýju laganna er varða einstaklinga í þörf fyrir alþjóðlega vernd.

## Helstu breytingar

Hin nýju lög um útlendinga, sem taka gildi 1. janúar 2017, eru talsvert lengri og ítarlegri en nógildandi lög án þess endilega að um nýjungar í framkvæmd sé að ræða. Sem dæmi má nefna að í 3. gr. gefur nú að líta skilgreiningar hugtaka sem þýðingu hafa við beitingu þeirra en engar slíkar skilgreiningar eru í nógildandi lögum.

Skýrari ákvæði en áður eru varðandi heimildir stjórnvalda til þess að synja um efnismeðferð hælisumsóknar, en þau ákvæði hafa valdið nokkrum vandkvæðum í framkvæmd. Skýrar er kveðið á um rétt fylgdarlausra barna sem fá vernd hér á landi til fjölskyldusameiningar. Hið nýja skilgreiningarákvæði verður einnig að telja til bóta, ekki síst er varðar skilgreiningu einstaklinga í sérstaklega viðkvæmri stöðu.

## Ríkisfangslausir einstaklingar

Samkvæmt nógildandi löggjöf getur ríkisfangslaus einstaklingur hlotið vernd hér á landi falli aðstæður hans að flóttamannahugtakinu. Með 39. gr. hinna nýju laga er tekið af skarið um að einstaklingur sem ekkert ríki telur til borgara sinna samkvæmt landslögum eigi sjálfstæðan rétt til alþjóðlegrar verndar hér á landi á grundvelli ríkisfangsleysis síns. Er hér um mikla réttarbót að ræða gagnvart þessum hópi fólks sem stendur mjög höllum fæti í heimi þar sem ríkisfang er grundvöllur nánast allrar aðstoðar og réttinda einstaklinga samkvæmt landslögum.

## Alþjóðleg vernd

Réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd eru tryggð með skýrari hætti en í nógildandi lögum. Á þetta við um til dæmis réttindagæslu, sbr. 30. gr. laganna og réttinn til



ARNDÍS A. K. GUNNARSDÓTTIR HDL.

húsnæðis, framfærslu og heilbrigðisþjónustu sbr. 32. gr. laganna, auk þess sem skýrt er kveðið á um hagsmunagæslu barna í hælisleit, sbr. 33. gr. laganna, og um rétt barna í hælisleit til skólagöngu.

#### **Stytting málsmeðferðartíma**

Viðamestu breytingarnar á nýju lögnum varðandi flóttamenn og aðra umsækjendur um alþjóðlega vernd, miða að því að hraða meðferð umsókna. eru það einkum ákvæði um styttingu kærufresta og heimildir formanns kærunefndar til þess að úrskurða einn í kærumálum í tilteknum tilvikum. Hefur Rauði krossinn bent á að ekki sé þörf á sumum þessara breytinga til þess að hraða málsmeðferð, en eins og reynslan sýnir má stytta málsmeðferðartíma hælisumsókna umtalsvert með breyttu verklagi og bættri ráðstöfun ríkisfjármuna án þess að nokkurra lagabreytinga sé þörf.

#### **Refsileysi vegna ólöglegrar komu**

Í nýlegum dómi Hæstaréttar frá 17. desember 2015 í máli nr. 345/2015 var flóttamanni frá Sýrlandi ekki gerð refsing, með vísan til Flóttamannasamningsins, en hins vegar var ekki talið unnt að mati Hæstaréttar að sýkna manninn á grundvelli samningsins eingöngu þar eð skýrt lagaákvæði þess efnis í íslenskum lögum þyrfti til. Hefur nú verið bætt úr þessu með nýrri 32. gr. hinna nýju laga um útlendinga er kveður á um að flóttamanni skuli ekki refsað fyrir ólöglega komu eða vegna falsaðra eða stolinna skilríkja.

#### **Frekari úrbóta er þörf**

Þó ýmislegt í frumvarpinu sé til bóta er ekki víst að allar þær breytingar sem lagðar eru til markis leiðina að markmiðum um skilvirkni og réttaröryggi, sem vísað er til í athugasemdum við frumvarp til laganna. Þvert á móti má færa rök fyrir því að tilteknar breytingar geti haft neikvæð

áhrif á bæði skilvirkni og málshraða, auk þess að skerða réttaröryggi flóttamanna.

### Örugg upprunaríki

Í nokkrum ákvæðum laganna er vísað til lista, sem stjórnvöldum er heimilað að útbúa, yfir ríki sem talin eru örugg. Er hugtakið þannig fest enn frekar í sessi en slíkir listar yfir örugg ríki hafa lengi verið gagnrýndir af hálfu Rauða krossins, Flóttamannastofnunarinnar, ECRE<sup>1</sup> og fleiri aðila. Slíkir listar eru bæði óþarfir og til þess fallnir að koma í veg fyrir að hver og ein umsókn um hæli hljóti fullnægjandi skoðun. Þá telur Rauði krossinn slíka lista með öllu óþarfa enda séu stjórnvöld fullfær um að greina á milli bersýnilega tilhæfulausra umsókna og annarra.

### Umsókn um alþjóðlega vernd

Í upphaflegu frumvarpi til laganna, sem auglýst var til umsagnar á vef innanríkisráðuneytisins í desember 2015, var fallist á tillögu Rauða krossins um að kæra ákvörðunar í máli vegna umsókna um hæli fresti réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Hafa bæði Rauði krossinn og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna ítrekað lagt til að slík frestun verði sjálfkrafa, í þágu bæði réttaröryggis umsækjenda um hæli og skilvirkni kerfisins og málshraða.

Réttarbót þessa var hins vegar ekki að finna í frumvarpi því sem innanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi í apríl síðast-

liðnum. Í 35. gr. hinna nýju laga er fjallað um framkvæmd ákvörðunar í málum um alþjóðlega vernd en þar er engin efnisleg breyting gerð að þessu leyti frá núgildandi löggjöf.

Virk kærumeðferð er óaðskiljanlegur hluti réttlátrar og skilvirkrar málsmeðferðar hælisumsókna. Í þessu sambandi má benda á að töluverður fjöldi flóttamanna í Evrópu fær ekki viðurkenningu á stöðu sinni fyrir en að lokinni kærumeðferð. Frestun réttaráhrifa ákvörðunar vegna kæru er því mikilvægt úrræði til að tryggja að grundvallarreglan um bann við endursendingu (e. non-refoulement) sé ekki brotin.

Sjálfkrafa frestun réttaráhrifa vegna kæru einfaldar málsmeðferð, minnkar vinnu kærunefndarinnar þar sem ekki þarf þá að taka rökstudda afstöðu til beiðni um frestun réttaráhrifa, auk þess sem frestun réttaráhrifa eykur þrýsting á kærunefndina að gæta að málshraða í kæruférlinu.

### Engin bylting

Á heildina litið er ekki um viðamiklar breytingar á núgildandi hæliskerfi að ræða með hinum nýju lögum, þó lögin séu skýrari og nákvæmari en áður og ráðist hafi verið í nokkrar mikilvægar réttarbætur.

**Höfundur er lögfræðingur hjá Rauða krossinum.**

<sup>1</sup> Europe and Council on Refugees and Exiles.

Andri Árnason hrl.  
Edda Andradóttir hrl., LL.M.  
Finnur Magnússon hdl., LL.M.  
Halldór Jónsson hrl.  
Lárus L. Blöndal hrl.  
Sigurbjörn Magnússon hrl.  
Simon David Knight  
Stefán A. Svensson hrl., LL.M.  
Vífill Harðarson hrl., LL.M.

**juris**

Borgartúni 26  
IS 105 Reykjavík  
+354 580 4400  
www.juris.is

## NÝ MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

**Kristín Sólnes hdl.**

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

**Daníel Tryggvi Thors hdl.**

KRST lögmennt

Tryggvagötu 11, 101 Reykjavík

**Daníel Reynisson hdl.**

Lögfræðistofa Suðurnesja

Hafnargötu 51-55, 230 Reykjanesbæ

**Helga Reynisdóttir hdl.**

AM Praxis

Sigtúni 42, 105 Reykjavík

**Bjarki Þór Runólfsson hdl.**

Motus

Laugavegi 99, 101 Reykjavík

**Anna Björg Guðjónsdóttir hdl.**

BBA

Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

**Davíð Blöndal Þorgeirsson hdl.**

Íslandsbanki

Kirkjúsandi 2, 105 Reykjavík

**Unnur Edda Sveinsdóttir hdl.**

Lögfræðistofa Reykjavíkur

Borgartúni 25, 105 Reykjavík

## ENDURÚTGEFIN LÖGMANNSRÉTTINDI

**Þórir Örn Árnason hdl.**

Lögmenn Árnason

Borgartúni 30, 105 Reykjavík

**Guðný Hjaltadóttir hdl.**

Lögmenn Lækjargötu

Lækjargötu 2, 101 Reykjavík

**Ragnar Guðmundsson hdl.**

A-N slf.

Skólavörðustígur 12, 101 Reykjavík

**Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hdl.**

Réttur

Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

**Hallgrímur Ásgeirsson hdl.**

Landsbankinn

Hafnarstræti 6, 2. hæð, 155 Reykjavík

**Guðbjörg Matthíasdóttir hdl.**

Vesturbrún 28, 104 Reykjavík

**Víðir Smári Petersen hdl.**

LEX lögmannsstofa

Borgartúni 26, 105 Reykjavík

## NÝR VINNUSTADUR

**Katrín Smári Ólafsdóttir hdl.**

FOCUS lögmennt ehf.

Kirkjutorgi 6, 101 Reykjavík

**Guðmundur Skúli Hartvigsson hdl.**

Arctic lögfræðisþjónusta

Skútuvogi 1a, 104 Reykjavík

**Árni Pálsson hrl.**

PACTA Lögmenn

Hafnarstræti 91-95, 600 Akureyri

## NÝTT AÐSETUR

**Árni Ármann Árnason hrl.**

Ása Bergsdóttir Sandholt hdl.

Einar Oddur Sigurðsson hdl.

Gunnhildur Erla Kristjánsdóttir hdl.

Hjalti Sigvaldason Mogensen hdl.

Ólafur Hvanndal Ólafsson hdl.

Libra lögmenn

Tjarnargata 36, 101 Reykjavík

**Gunnar Þór Þórarinsson hdl.**

Guðmundur J. Oddsson hdl.

LOGOS lögmannsstofa (London)

Paternoster House

65 St. Paul's Churchyard, London EC4m 8AB, United Kingdom

**Elín Árnadóttir hdl.**

Árni Freyr Árnason hdl.

Kjarni lögmannsstofa

Laugavegi 178, 105 Reykjavík

**Guðmundur Njáll Guðmundsson hdl.**

GNG lögmannsþjónusta

Borgartúni 24, 105 Reykjavík

**Börkur I. Jónsson hdl.**

BJJ legal ehf.

Bæjarlind 2, 2. hæð, 200 Kópavogur

**Björgvin Þórðarson hrl.**

Atlas lögmenn / Bótaréttur

Kringlan 7, 103 Reykjavík, Sími: 517-7171



*Besta eignastýringin á Íslandi  
þriðja árið í röð að mati World Finance*



**KVÍKA**

[kvika.is](http://kvika.is)